

# MANNRÉTTINDASAMNINGAR SAMHEINUÐU ÞJÓÐANNA

Meginreglur, framkvæmd og  
áhrif á íslenskan rétt

RITSTJÓRN

Björg Thorarensen, ritstjóri  
Hjördís Björk Hákonardóttir  
Róbert R. Spanó

BÓKAÚTGÁFAN CODEX  
MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2009

Þann kost að með því er tekin afstaða til inntaks og túlkunar efnisákvæðis alþjóðasamnings, niðurstaðan tengd með beinum hætti öðrum heildstæðum lagaákvæðum á sama sviði og efnisákvæði samnings verður þannig aðgengi-legt borgurinum. Hættan er hins vegar sú að þetta getur dregið úr gildi eða virkni alþjóðasamnings því með þessu reynir síður á mismunandi túlkun efnisákvæðanna í einstaka málum. Þannig geta tapast að einhverju leyri markmið, sýn, efni og samhengi ákvæða alþjóðasamnings. Óháð því hvaða leið verður valin má gera ráð fyrir að lögfesting samningsins muni styrkja stöðu barna og kröfur um réttarbætur fyrir þeirra hönd.

## STADA OG ÁHRIF MANNRÉTTINDASAMNINGA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í ÍSLENSKUM RÉTTI

*Björg Thorarensen*

### 8.1. Inngangur

Alþjóðlegir mannréttindasamningar, þar á meðal samningar Sameinuðu þjóðanna sem rit þetta fjallar um, hafa haft umtalsverð áhrif á þróun íslensks réttar, einkum á stöðustu tveimur áratugum. Auk þess að eiga aðild að öllum helstu mannréttindasamningum sem gerðir voru um og eftir miðja 20. öld á vestrangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland fullgilt flesta samninga Eyrópuráðsins á þessu sviði. Þar má telja helsta Mannréttindasáttmála Eyrópu frá 1950, Félagssmálasáttmála Eyrópu frá 1961 og Eyrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 1987.<sup>1</sup> Þá hefur Ísland fullgilt fjölmargar samþykktir á vegum Alþjóða-vinnuálastofnunarinnar (ILO) sem líta að ýmsum félagslegum réttindum og stefna að bættu umhverfi og kjörum launþega á vinnumarkaði.

Ráðstafanir til þess að innleiða alþjóðlega mannréttindasamninga inn í íslenskan landsrétt voru framan af ekki niðög viðurhlutarniklar né kölluðu á viðtækar breytingar á íslenskum lögum. Að sama skapi voru áhrif þessara samninga á landsrétt fremur takmörkuð. Ísland er ekki einstakmi þegar lítið er til aukinna áhrifa alþjóðlegrar mannréttindasamninga á landsrétt. Þróun í þessa átt hefur orðið í flestum ríkjum heims, en þó einkum í Eyrópu. Skýringar á þessu eru margþættar. Alþjóðasamvinnna hefur vaxið á flestum sviðum, og þá sérstaklega í mannréttindamálum, og aukin áhersla er lögð á að koma á fót alþjóðlegum stofnunum eða nefndum til að vinna að markmiðum þjóðréttarsamninga og eftirliti

<sup>1</sup> Helstu mannréttindasamningar Eyrópuráðsins ásamt samningum SB sem fjallað hefur verið um hér að framan eru birtir í ritinu *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að*.

með framkvæmd þeirra í aðildarríkjunum. Alþjóðastofnunum hefur verið falið eftirlits- og úrskurðarvald í ríkrari mæli, jafnvel er framsel til þeirra lagasetning- arvald og dómvald, eins og á við um stofnanir Evrópusambandsins. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu á framsækinn hátt, beitt markmiðsskýringu og litið til breytla aðstæðna í samfé- laginu frá því að samningarnir voru gerðir. Með þessu hefur gildissvið ákvæða samningsins vaxið langt út fyrir það sem aðildarríki sáu fyrir við samþykkt hans árið 1950 og löggjaf og lagaframkvæmd eða ástand sem almennt var talið samrýmast honum við það tímamak eða ekki talið falla undir gildissvið hans hefur síðar verið úrskurðað andstætt ákvæðum hans.<sup>2</sup> Þegar liðið er til einstakra ákvæða samnings á vegum Sameinuðu þjóðanna má t.d. benda á 26. gr. SBSR sem hefur þróast í meðförum mannréttindanefndarinnar. Er gildissvið hennar nú talsvert viðtækara og áhrif hennar hafa orðið meiri en ætlað var við samþykkt samningsins árið 1966, eins og lýst var í 2. kafla þessa rits.

Hér á eftir verður því lýst hvernig stofnast hefur til aðildar Íslands að mann- réttindasamningnum SP hver staða þessara samninga er að landsrétti og hvernig þeir hafa verið innleiddir og jafnframt varpað ljósi á þau áhrif sem þeir hafa haft á lagasetningu og lagaframkvæmd hér á landi.

## 8.2. Fullgilding Íslands á mannréttindasamningnum og undirbúningur hennar

Þegar Ísland gerist aðili að alþjóðlegum mannréttindasamningi fer um það eins og aðra fjölþjóðasamninga að hin þjóðréttarlega aðild stofnast að undan- gengnum nokkrum undirbúningi að landsrétti. Að lokinni samningsgerðinni sjálfri sem hefur farið fram á vettvangi stofnana, undirnefnda og vinnuhópa hjá Sameinuðu þjóðunum er endanlegur texti samningsins venjulega samþykktur með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.<sup>3</sup> Að ljá síkri ályktun ákvæði sitt í atkvæðagreiðslu hjá allsherjarþinginu hefur þó ekki í för með sér skuldbindingu fyrir ríki. Aðdragandinn að skuldbindingunni á sér venjulega stað í tveimur skrefum eftir samþykkt samningsins, fyrst með undirritun og síðan með fullgildingunni hans.<sup>4</sup> Í mannréttindasamningnum Sameinuðu þjóð- anna eru venjulega sérstök niðurlagsákvæði þar sem þessum ferli er lýst.<sup>5</sup>

2 Þjörg Thorarensen: *Mannréttindi. Stjórnskipunarritur*, bls. 71.

3 Sjá nafnar um helstu stofnanir SP sem koma að samningsgerðinni og undirbúningi fyrir samþykkt samninga í grein Guðmundar Alfreðssonar og Jakobs Möller: „Mann- réttindastart Sameinuðu þjóðanna“ *Útfljótur*, 3-4, töl. 1996, bls. 225.

4 Almennar reglur um aðferðir til að skapa þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt milliríkjasamningnum er að finna í 11. – 14. gr. Vínarsamningsins um milliríkjasam- inga frá 29. maí 1969.

5 Sjá nafnar um undirritun og fullgildingunni mannréttindasamninga SP í 48. gr. SBSR, 26. gr. SEFMIR, 17. gr. SAK, 25. gr. SAMK, 25. gr. SGP og 46. og 47. gr. SRB.

Eftir að ályktun hefur verið gerð á allsherjarþinginu um að samþykkja mannréttindasamning er hann lagður fram til undirritunar fyrir ríkissjórnir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til fullgildingar. Í því sambandi hefur ekki þýðingu hvort aðildarríki hefur greitt ákvæði með eða á móti samningnum í atkvæðagreiðslu um samþykkt samningsins.

Samningur er undirritaður af hálfu fulltrúa sem er bær til að koma fram af hálfu íslenska ríkisins, með fyrirvara um síðari fullgildingunni hans. Undirrit- unin sem síkri hefur þannig ekki lagalegt skuldbindingargildi. Með þessum aðdraganda að fullgildingunni eru þau rök að ríki fái þá svigrúm til nánari skoð- unar á efni samningsins og til þess að undirbúa ráðstafanir til þess að uppfylla samningsskuldbindingar sínar, t.d. gera nauðsynlegar lagabreytingar. Þótt samningurinn verði ekki skuldbindandi við undirritun gildir sú almenna þjóð- réttarregla samkvæmt 1. mgr. 18. gr. Vínarsamnings um milliríkjasamninga, að frá þeim tíma sem liður frá því að samningur er undirritaður af hálfu ríkis þar til hann er fullgiltur hvílir sú skylda á ríkinu að aðhafast ekkert sem fer beinlínis gegn ákvæðum hans. Vínarsamningurinn hefur þó engar reglur um hámarks tíma sem má líða frá undirritun fram til fullgildingar. Þannig skapar undirritunin ekki heldur þjóðréttarlega skyldu ríkis til þess að fullgilda sam- inginn síðar.<sup>6</sup>

Þegar kemur að fullgildingunni Íslands á mannréttindasamningi má skipta henni í tvo meginþætti. Annars vegar er um að ræða svokallaða stjórnskipulega fullgildingunni, sem lýtur að reglum um innra skipulag ríkisins um það hver er bær til að gera samninga fyrir Íslands hönd. Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár- innar gerir forseti samninga við önnur ríki. Eins og endranær fer ráðherra með þetta vald í raun og þarf meðundirritun ráðherra með forseta samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar til að veita undirritun forseta gildi. Utanríkisráðherra fer með utanríkisráðgjafi og með gerð samninga við önnur ríki samkvæmt 12. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 og 2. mgr. 1. gr. laga um utan- ríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og er bær til að gera milliríkjasamninga fyrir Íslands hönd.

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að áður en samningar eru gerðir af hálfu íslenska ríkisins sé skylt að leita eftir samþykki Alþingis ef þeir féla í sér afsal eða kvæði á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnartöngum ríkisins. Í framkvæmd hefur skapast sú venja um beitingu þessa stjórnarskrárákvæðis, auk tilvika sem þar er beinlínis getið, að leitað verði samþykkis Alþingis í tilvikum þar sem efni milliríkjasamnings leiðir til þess að breytinga er þörf á lögum. Læggur utanríkisráðherra þá fram tillögu til þingsályktunar um að Alþingi veiti ríkissjórninni heimild til þess að fullgilda viðkomandi samning. Sú venja hefur þannig skapast að tilkoma 21. gr. fremur

6 Þjörg Thorarensen og Pétur Leifsson: *Kaflar úr þjóðarétti*, bls. 86.

rúmt, þ.e. í átt til þess að auka hlut Alþingis til að veita heimild til fullgildingar á þjóðrétarsamningum þótt það sé ekki beinlínis áskilið samkvæmt skilyrðum 21. gr.<sup>7</sup> Eins og nánar verður lýst hér á eftir hefur aðild Íslands að alþjóðlegum mannréttindasamningum almennt ekki kallað á sérstakar lagabreytingar í tengslum við fullgildinguna. Engu að síður hefur venjulega verið óskað heimildar frá Alþingi samkvæmt 21. gr. til fullgildingar mannréttindasamninga Sameinnuðu þjóðanna, þótt finna megi undantekningar frá þeirri venju.<sup>8</sup>

Að fenginni heimild Alþingis til að Ísland verði aðili að mannréttindasamningi getur undirritun forseta og utanríkisráðherra átt sér stað og í kjölfarið fer fram fullgilding samningsins eftir almennum reglum þjóðaréttar eða þeim sérreglum sem samningurinn kann að kveða á um. Í því felst að af hálfu Íslands er skilað fullgildingarskjali til vörsluáðila, undirrituðu af forseta og utanríkisráðherra, en vörsluáðili mannréttindasamninga Sameinnuðu þjóðanna er aðalfrankvæmdastjórn samtakanna. Telst Ísland hafa fullgilt og hann gefur út tilkynningu þar um. Samningurinn tekur síðan formlega gildi að höndum ákveðnum tíma frá því að fullgildingarskjali var skilað, gættan er þar miðað við þrjá mánuði. Þá ber að hafa í huga að í öllum mannréttindasamningunum er einnig gert ráð fyrir ákveðnum lágmarksfjölda ríkja sem þarf að fullgilda samning til þess að hann öðlist gildi, og er sá fjöldi breytilegur eftir því hvaða samningur á í hlut.<sup>9</sup>

Yfirleitt hefur liðið fremur stuttur tími frá því að mannréttindasamningar SP og bókanir við þá eru samþykkt hjá stofnunum SP þar til undirritun fer fram af hálfu Íslands. Á hinn bóginn hefur oftar liðið talsverður tími frá því að samningur var undirritaður þar til hann var fullgiltur. Sem dæmi má nefna að samningarnir tveir frá 1966 voru undirritaðir af Íslands hálfu 30. desember 1968 og fullgildir tæpuum ellefu árum síðar eða 22. ágúst 1979. Þá var Samningurinn gegn pyndingun undirritaður 4. febrúar 1985 en ekki fullgiltur fyrr en 23. október 1996. Viðauki við Samninginn gegn pyndingun var undirritaður af Íslands hálfu 23. september 2003 en hefur ekki enn verið fullgiltur. Loks var samningurinn um réttindi fatlaðs fólks frá 13. desember 2006 undirritaður af Íslands hálfu 30. mars 2007 en hefur ekki verið fullgiltur.

7 Þjörg Thorarensen: „Stjórnarskráin og meðferð utanríksmála.“ *Útfljótur*, 3. töl. 2007, bls. 430.

8 Í því sambandi má t.d. benda á Samninginn um afhám alls kynþáttamísris og bóka-antr sem gerðar hafa verið við Barnasamninginn, og nánar verður lýst síðar.

9 Mgr. 27. gr. SEPMR öðluðust samningarnir gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem 35. fullgildingarskjalið var afhent aðalfrankvæmdastjórn Sameinnuðu þjóðanna. Samkvæmt 19. gr. SAK öðlaðist hann gildi á þrítugasta degi eftir að 27. fullgildingarskjalið var afhent aðalfrankvæmdastjórnunum.

### 8.3. Staða alþjóðlegra mannréttindasamninga að landsrétti

#### 8.3.1. Áhrif tvíeðlisskipunar landsréttar og þjóðaréttar

Eins og á öðrum Norðurlöndum byggist íslensk réttarskipan á kenningunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Því fá þjóðrétarsamningar ekki lagagildi að íslenskum rétti nema sérstakar aðgerðir löggjafarvaldsins komi til. Samkvæmt þessari kenningu er ekki hægt að byggja rétt eða skyldu beint á ákveðnum mannréttindasamnings í íslenskum landsrétti og dómstólar beita honum ekki eins og lögum í landinu. Öðru vísi horfir við í ríkjum sem aðhýllast kenningar Evrópu. Með fullgildingun á mannréttindasamningum öðlast ákveði þeirra sömu stöðu og sett lög í landsrétti en allur gangur er á því hver er staða þeirra gagnvart öðrum réttarheimildum. Þar á meðal sjónarskrá. Í hugtakinu ein-eðli felst fyrst og fremst að liðið er á að þjóðaréttur og landsréttur séu hluti af sama lagakerfi og því þurfi engar sérstakar aðgerðir til þess að leiða ákveði þjóðrétarsamnings inn í landsrétt.<sup>10</sup> Þó ber að hafa í huga að í ríkjum sem aðhýllast tvíeðlisskipulag hefur hin hefðbundna tvíeðlisskiping réttarkerfanna raskast á síðustu árum og bilið hefur farið minnkandi að því er varðar alþjóðlegar mannréttindareglur. Ýmsar millhilsleiðir eru þannig víðeðknar. Sum nýtrjáls ríki sem hafa á síðustu áratugum tekið upp lýðræðislega sjónrætti, t.d. í Austur-Evrópu, hafa víðeikið sjónrættarákveði þess efnis, að ákveði alþjóðasamninga um mannréttindi öðlist gildi sem lög og njóti jafnvel verndunar og njóti jafnvel réttshærra stöðu en almenn lög.<sup>11</sup>

Þótt þjóðrétarsamningar fái ekki sama gildi og lög í réttarkerfi tvíeðlisskipingar er það almenn skylda þeirra að þjóðarétti að leitast jafnan við að tilkallandslög sín í samræmi við þjóðrétarskuldbindingar. Þannig eru ákveði þjóðrétarsamninga talin lögskýringargögn í íslenskum landsrétti en verða þó að vika ef íslensk lög stangast beinlínis á við þau og ganga löginn þá frammar.<sup>12</sup> Séu íslensk lög andstæð efni þjóðrétarsamnings hefur íslenska ríkið hins vegar brotið gegn þeirri þjóðréttarlegu skyldu sem stofnaðist við fullgildingun samningsins, að haga löggjöf sinni í samræmi við ákveði hans.<sup>13</sup>

10 Þjörg Thorarensen og Pétur Leifsson: *Kaflar úr þjóðarétti*, bls. 12-14.

11 Guðmundur Alfreðsson: „Tillaga um mannréttindi í stjórnarskrá.“ *Afnælisriti til heilvæðis Gunnari Schram sjötungun*, bls. 172.

12 Hér er lögð til grundvallar rými merking hugtakans lögskýringargögn eins og gert hefur verið í dómfrankvæmd, t.d. í *H 1989:28*, nr. 5/1989 (aðgangur að sjúkra-skrám) sem síðar verður rakin. Sjá einnig Róbert Spanó: *Tilkun lagakvæða*, bls. 99.

13 Davíð Þór Þjörgvinnsson: „EES-samningurinn og Mannréttindastómáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum rétti.“ *Útfljótur*, 1. töl. 1997, bls. 67.

### 8.3.2. Aðgerðir til að koma ákveðnum mannréttindasamninga í framkvæmd

#### 8.3.2.1. Inngangur

Frumskylda íslenska ríkisins sem stofnast með aðild að mannréttindasamningi er að koma ákveðnum hans í framkvæmd innanlands, en þannig uppfyllir það samningsskuldbindingar sínar.<sup>14</sup> Um leiðir til þess að ná því markmiði hefur það ákveðið svigrúm eða valkosti. Því er ekki fortakslauss skylda að lögfesta samning í ríki sem aðhyllist tvíeðliskemninguna, heldur eru ýmsar aðrar leiðir til þess að markmiðum samningsins verði náð, en það veltur þó vissulega á efni samningsins hverju sinni.<sup>15</sup> Sú leið sem helst hefur verið valin hér á landi til að koma ákveðnum alþjóðlegum mannréttindasamninga í framkvæmd er að laga íslensk lög að ákveðnum þeirra áður en samningurinn er fullgiltur.<sup>16</sup> Þegar vilji hefur ekki staðið til þess að breyta lögum vegna samningsákvæðanna hefur verið hugað að því að gera fyrirvara við samningana eftir því sem við á.

Þegar mannréttindasamningar SP voru fullgiltir var almennt ekki talin þörf á að grípa til lagabreytinga þar sem talið var að réttindi samkvæmt samningunum væru þegar vernduð að öllu leyti í íslenskri löggjöf.<sup>17</sup> Frá því voru þó

14 Þessi skylda er venjulega orðuð í inngangssákvæðum samninga. Sjá t.d. 1. mgr. 2. gr. SBSR þar sem segir: „Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur sinni réttindi þau sem víðurkennd eru í samningi þessum án nokkurs konar mismunartekst á hendur, sé ekki þegar gert ráð fyrir því í lagaákvæðum sem fyrir eru eða með öðrum ráðstöfunum, að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við sjfórnskipulega meðferð og ákveði þessa samnings, að koma á sífukum lögum eða öðrum ráðstöfunum er kunna að vera nauðsynlegar til þess að réttindum samkvæmt samningi þessum sé framfylgt“.

15 Um leiðir til þess að framfylgja samningsskuldbindingum í þessum efnum vísast til greinar Stefáns Stefánssonar: „Um þörf á lögfestingu þjóðrétarsamninga.“ *Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988*. Fylgiskjal I, bls. 2.

16 Þó er dæmi þess að ekki hafi verið aðhafið til að breyta lögum til samræmis við samning fyrir en nokkru eftir að hann var fullgiltur. Þannig var Samningurinn um alhám alis kynhættamisréttis fullgiltur 13. mars 1967 og gekk hann í gildi 4. janúar 1969. Ekki voru þó gerðar nauðsynlegar lagabreytingar til að uppfylla skyldur samkvæmt 4. gr. samningsins fyrir en með lögum nr. 96/1973 sem bættu nýju ákveði, 233. gr. a, við almenn hegningarlög og lýstu refsiverða þá hátsæmi að ráðstöfn opinberlega hlathátta eða kynhættar. Sjá nánar Björg Thorarensen: „Tjáningarfrelsið og barn við útbreiðslu kynþéttadómna“ *Ulfjótur*, 3. tbl. 2002, bls. 427.

17 Sjá um þetta unumeli í reðu utanríkis- og dómsmálaráðherra sem flutti tillögu til þingsályktunar árin 1951 og 1952 um að Alþingi veitti heimild til þess að fullgilda Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, þar sem bent var á að öll réttindi hans væru þegar vernduð hér á landi, sbr. Alþt. 1951, D-deild, bls. 239-240. Helstu nymælin sem dómstól, Mannréttindadómstól Evrópu, sem gæti kveðið upp bindandi dóma um brot aðildarríkja á réttindum sem sáttmálin verndaði. Sjá Alþt. 1952, D-deild, bls. 34.

undantekningar en aðgerðum að þessu leyti varðandi hvern samning SP verður lýst nánar hér á eftir.

#### 8.3.2.2. Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu

Ástæður tengdar Mannréttindasáttmála Evrópu og aukinni virkni hjá eftirlitsstofnunum sáttmálans, m.a. í kerunumálum gegn Íslandi, leiddu til þess að á nýunda áratug síðustu aldar óx þeirri skoðun fylgi að réttindi samkvæmt sáttmálanum væru ekki nægilega tryggð í almennri löggjöf eða í sjfórnskrá. Sama þróun átti sér stað á öðrum Norðurlöndum enda voru sjfórnskrár þeirra mun fátækari af réttindaákvæðum en sáttmálin og viðaukar hans. Þótt aðildarríki séu ekki þjóðréttarlega skuldbundin til að lögfesta alþjóðlega mannréttindasamninga með aðild sinni er ljóst að það er áhrifarík aðferð til að koma ákveðnum þeirra skýrlega í framkvæmd í landsrétti. Var sú leið farin á öllum Norðurlöndum, en þó ekki fyrir en undir lok síðustu aldar þegar flest þeirra höfðu verið aðilar að MSE um langt skeið.<sup>18</sup>

Þegar kom fram á nýunda áratuginn bentu úrlausnir mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu til þróunar í þá átt að strangar kröfur væru gerðar til aðildarríkja að sáttmálanum um að haga löggjöf sinni í samræmi við ákveði hans. Áður en sáttmálin var lögfestur hér á landi höfðu dómstólar nokkrum sinnum vísað til þess að hann hefði ekki lagagildi og því yrðu íslensk lög látin ganga ákveðnum hans framán.<sup>19</sup> Á hinn bóginn hafði verið staðfest í dómum Hæstaréttar að alþjóðlegir mannréttindasamningar, og einnig Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, væru tilræk sem lögskýringargögn. Það var m.a. staðfest í *H 1989:28*, nr. 5/1989 þegar meió var hvort reglur um heimildir Ríkisendurskoðunar til þess að fá aðgang að sjúktrastrám sjúklinga

18 Í kringum 1990 voru skipaðar nefndir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til að kanna hvort rétt væri að lögfesta Mannréttindasáttmálan og skilnóð þær ítarlegum skýrslum með tillögu þess efnis. Í Danmörku var það gert árið 1992 með lögum nr. 285/1992, sbr. Betænkning nr. 1220/1991, í Svíþjóð árið 1994 með lögum nr. 1994:1219, sbr. SOU nr. 1993:40, en síðast var Mannréttindasáttmálin lögfestur í Noregi með lögum nr. 30/1999, sex árum eftir að neind skilaði skýrslu um málið, sbr. NOU 1993:18. Auk Mannréttindasáttmálans voru þá lögfestir í Noregi tveir megin-samningar Sameinuðu þjóðanna frá 1966, SBSR og SEMIR, og síðar var Samningurinn um réttindi barnsins beitt við árið 2003. Árið 1994 var nýju ákveði (110. gr. c) beitt í norsku sjfórnskránni sem mælt fyrir um skyldu ríkisins til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra mannréttindasamninga. Í Finnlandi hafa allir framangreindir mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna og Evrópuáðsins sem Finnland er aðili að verið lögfestir, en nyr og endurskoðaður mannréttindakafi finnsku sjfórnskrárinna tók auk þess gildi árið 1995. Sjá einnig Björg Thorarensen: *Sjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 86.

19 Sjá má dæmi þessa í *H 1975:601*, þar sem þess var krafist að sýnjan um leyfi til að eiga hand yrti dæmd ógild á þeim grundvelli að hann við hundahaldi í Reykjavík bryti gegn 8. gr. MSE um fríðhelgi einkalífs. Í dómi Hæstaréttar var því hafnað að betta þessu ákveði sáttmálans þar sem hann hefði ekki öðlast lagagildi hér á landi.

væru andstæðar grunntegluð um einkalífsvernd sjúklinga og leyndarskyldu lækna í íslenskum rétti. Í dómnum var í þessu sambandi vísað til bæði 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR um friðhelgi einkalífs.

Í dómi Hæstaréttar í H 1985:1290, nr. 77/1985 var fjallað um kröftu um ómerkingu héraðsdóms í refsimáli. Var byggt á því að fulltrúi héraðsdómara sem dæmt málið væri einnig fulltrúi lögreglustjóra í umdæminu og því væru ekki uppfylltar kröfur 6. gr. MSE um sjálfstæðan og óvillhalla dómstól í refsimálinu. Kröftunni var hafnað og var sú niðurstaða kærð til Mannréttindaneftdar Eyrópu og íslensk dómstólaskipan kom þar með til athugunar hjá eftirlisstofnunum sáttmálans. Hæstiréttur vísaði til þess að 6. gr. hefði ekki verið veitt lagagildi hér á landi og því breytti hún ekki þeirri lögbundnu skipan að sami embættismaður væri í sem lögreglustjóri og dómari en slík skipan færi ekki heldur í bága við 2. og 61. gr. stjórnarskrárinna. Þessi niðurstaða var kærð til Mannréttindaneftdar Eyrópu, sbr. mál *Jóns Kristinssonar gegn Íslandi*. Komst hún að annari niðurstöðu og var það einróma álit hennar að þessi skipan bryti gegn 1. mgr. 6. gr. MSE.<sup>20</sup>

Fyrsti áfélisdómur Mannréttindadómstólsins í máli gegn íslenska ríkinu gekk 25. júní 1992, í máli *Porgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi*, nr. 13778/88, þar sem sakkfelling og refsing Þorgeirs fyrir ummæli um starfshætti lögreglunnar var talin brjóta gegn 10. gr. MSE. Í kjölfarið var skipuð nefnd til að kanna hvort þörf væri á sérstakri ærvernd opinberra starfsmanna og jafnframt hvort tímabært væri að Mannréttindasáttmáli Eyrópu yrði lögtekinn hér á landi en lögfesting sáttmálans hafði þá ýmist nýlega farið fram eða var í undirbúningi á öðrum Norðurlöndum sem áður segir. Var hlutverk nefndarinnar einskorðað við að kanna hvort þörf væri á að lögfesta Mannréttindasáttmálann en ekki var víkið að mannréttindasamningnum Sameinuðu Þjóðanna í því sambandi.

Það varð niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að lögfesta ákvæði MSE og var það gert með lögum nr. 62/1994. Lögfestingin var einkum studd þeim rökum að réttindi einstaklinga fengju þannig aukna vernd og réttaröryggi myndi aukast. Á það var bent að í sumum greinum sáttmálans væri að finna fjarlegri ákvæði en í íslensku löggjöf um einstaka þætti mannréttinda. Þótt mörg ákvæði sáttmálans ættu sér hlöðstæður í setnum lögum hér á landi, þar á meðal í stjórnarskránni, gildi þetta ekki um öll þau réttindi sem sáttmálin nærði til. Í dæmaskyni var sérstaklega bent á 10. gr. MSE sem samkvæmt orðalagi sínu tæki til tjáningarfrelsis almennu en þágildandi 72. gr. stjórnarskrárinna nærði hins vegar einvörðungu til prentfrelsis. Samkvæmt þessu yrði lögtaka Mannréttindasáttmálans gagnert til þess að fylla upp í það sem kalla mátti eyður í íslensku löggjöf. Eftir lögfestingu gæti einstaklingur borið

ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum en ekki aðeins sem leiðbeiningargögn við lögskýringar. Samhliða gætu einstaklingar fengið dómúrlausn hér á landi um ýmis þau kernefni sem ella hefðu þurft að fara til stofnana sáttmálans. Loks var á það bent að ákvæði stjórnarskrárinna um mannréttindi væru fremur fáorð og komin mjög til ára sína. Þótt lögfestingin breytti í engu efni þessara ákvæða mátti ætla að hún hefði allt að einu þau óbeinu áhrif að ríkari tilhneiging yrði en áður til að beita rúmri skýringu á stjórnarskránni til samræmis við reglur sáttmálans þar sem það gæti átt við.<sup>21</sup>

Eftir lögfestingu sáttmálans var álitamál um hvernig bæri að skilgreina stöðu hans sem réttarheimildir en að forminu til yrði að skipa honum á bekk með almennum lögum. Í ljósi þess að almenn lög binda ekki hendur löggjafans til framtíðar myndu yngri lög ganga honum framar. Þó var talin ástæða til að gera ákvæðum hans hærra undir höfði en öðrum hlöðsettum lagareglum, enda myndi það leiða af eðli þeirra réttinda sem hann verndar sem og þjóðréttarlegum bakgrunni hans.<sup>22</sup>

### 8.3.2.3. Aðlögun löggjafar að ákvæðum mannréttindasamninga

Sá aðdragandi sem lýst hefur verið varðandi lögfestingu Mannréttindasáttmála Eyrópu árið 1994 vakti athygli á öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um mannréttindi. Það leiddi til frekari skoðunar á hvernig innleiðingu þeirra í íslenskan landsrétt væri háttáð, auk þess sem réttarheimildarlegt gildi laga um Mannréttindasáttmála Eyrópu nr. 62/1984 var ekki fyllilega skýrt. Þessar aðstæður urðu hvarinn að stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru árið 1995 og voru þær jafnframt mikilvægar á áhrifavaldur fyrir þýðingu mannréttindasamninga SP og stöðu þeirra að íslenskum rétti. Má segja að með sjfski. nr. 97/1995 hafi í seinna falist aðlögun ákvæða landsréttar að ákvæðum bæði Mannréttindasáttmála Eyrópu og annarra helstu alþjóðaskuldbindinga um

21 Alþt. 1992-93, A-deild, þskj. 1160, bls. 5892. Sjá nánar grein Dóru Guðmundsdóttur: „Um lögtaku mannréttindasáttmála Eyrópu og beitingu í íslenskum rétti.“ *Tímarit lögfæðinga*, 3. hefti 1994, bls. 154, og grein Davíðs Þórs Þjörgvinssonar: „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um mannréttindasáttmála Eyrópu.“ *Lögberg, rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*, bls. 155.

22 Davíð Þór Þjörgvinsson: „EBS-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Eyrópu sem réttarheimildir í íslenskum rétti.“ *Útjýðingur*, 1. tbl. 1997. Sbr. einnig Páll Þórhallsson: „Lögfesting mannréttindasáttmála Eyrópu.“ *Útjýðingur*, 2. tbl. 1994, bls. 164-166, og Sigurður Lindal: *Um lög og lögfæði. Grunnáttillur laga – réttarheimildir*, bls. 85. Í Noregi var sett sérstakt ákvæði í lögum um lögfestingu sáttmálans sem mælti fyrir um að ákvæði hans gangi framar öðrum ákvæðum í nýrri lögum. Aðstaðan í Danmörku er enn samþærleg því sem var hér á landi á eftir lögfestingu MSE og fyrir stjórnarskrár-breytingarnar; þ.e. sáttmálinn er lögfestur sem almenn lög og stjórnarskráin stendur enn óbreytt en þar eru talin mun færri réttindi en í sáttmálanum, sjá nánar Henrik Zahle: *Dansk forfatningsret 3. Menneskerettigheder*, bls. 49.

20 Skýrsla Mannréttindaneftdar Eyrópu frá 8. mars 1989 í máli *Jóns Kristinssonar gegn Íslandi*. Lank málinu með sátt fyrir Mannréttindadómstól Eyrópu frá 1. mars 1990.

mannréttindi en auk þess var komið á skýrum tengslum á milli stjórnarskrárákvæða um mannréttindi og alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga sem fram koma í samningum á vegum Sp.

Þetta markmið kom skýrt fram í ályktun Alþingi frá 17. júní 1994 um að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar skyldu endurskoðuð og þeirri endurskoðun skyldi lokið fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar árið 1995. Voru ástæður að baki þessari ákvörðun tilgreindar sem þrjúþættar. Í fyrsta lagi þyrfti að efla, samhefa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau myndu gegna betur því hlutverki sínu að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem með ríkisvald fara. Í öðru lagi þyrfti að færa ýmis ákvæði til núfáalegra hofis, enda væru þau óbreytt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var sett árið 1874. Í þriðja lagi væri tímabært að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnskrárinna með tilliti til þeirra þjóðréttarlegru skuldbindinga sem Ísland hefði gengist undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum. Var þar einnig vísað til Mannréttindasáttmála Evrópu, en einnig til Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og Sp-samninganna tveggja frá 1966.<sup>23</sup>

Í frumvarpinu sem síðar var lagt fram var sérstakur kafla helgaður umfjöllun um alþjóðlegar skuldbindingar, bæði á vettvangi Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Var þar áréttáð fyrirgreint markmið að breytingarnar tækju mið af þeim þjóðréttarlegru skuldbindingum sem íslenska ríkið hefði gengist undir með aðild sinni að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Þá var einnig vísað til þess að á undanförunum áttum hefðu alþjóðlegar nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem störfuðu samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland væri aðili að, gagnrýnt að viðkomandi samningar hefðu ekki lagagildi hér á landi. Sérstaklega var bent á athugasemdir mannréttindanefndarinnar og nefndarinnar um afnám kynbátamísréttis. Í þeim athugasemdum hefði einnig verið lýst þeirri skoðun að ekki virtist sem ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar gengju nægilega langt til þess að vernda þau réttindi sem talin væru í samningunum.

Við ákvörðun um hvaða réttindum skyldi bæta við núgildandi ákvæði VII. kafla var sú stefna tekin í frumvarpinu að leggja fyrst og fremst áherslu á borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.<sup>24</sup> Í skýringum frumvarpsins við einstök stjórnarskrárákvæði er síðan að jafnaði vísað til ákvæða í MSE og SBSR um sömu réttindi og einnig til annarra alþjóðasamninga, s.s. samþykktar Alþjóðavinnuálasstofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu og skylduvinnu frá 1930 og samnings um afnám þrælahalds og þrælasölu frá 1956.

Þá kom fram í frumvarpinu að ekki væri bætt við í neinum teljandi mæli

efnagslegum og félagslegum réttindum, heldur væri stefnt að því að færa til nútímahofis ákvæði sem fyrir væru um þau efni. En í skýringum við þau var þó einnig vísað til sambærilegra ákvæða alþjóðasamninga, einkum SEFMAR og Félagsmálasáttmála Evrópu. Þó var bent á ný réttindaákvæði af meirí efnahagslegra og félagslegra réttinda einkum um rétt manna varðandi vinnu og orlof í 2. mgr. 75. gr. og 3. mgr. 76. gr. varðandi réttindi barna. Í skýringum við þessi ákvæði var einnig vísað til viðeigandi ákvæði, SEFMAR og Félagsmálasáttmála Evrópu svo og Samningsins um réttindi barnsins hvað varðar seinna ákvæðið.

#### 8.4. Áhrif mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna á íslenskan rétt

##### 8.4.1. Inngangur

Fyrstu áratuginna eftir að Ísland fullgilti mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins voru áhrif þeirra á íslenskan rétt ekki merkjanleg. Efni samninganna var reyndar lítt þekkt í samfélaginu og nær óþekkt að byggt væri á ákvæðum þeirra fyrir dómstólum.<sup>25</sup> Hér þarf að hafa í huga að viðhorf um áhrif þjóðrétarsamninga almenn og áhrif þeirra á landsrétt hafa breyst í verulegum atriðum á undanförunum áratugum en mun skarpari skil voru áður á milli landsréttar og þjóðaréttar.

Árið 1988 ritaði umboðsmaður Alþingis forsetisráðherra og forsetum Alþingis bréf þar sem hann vakti athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum og að í stjórnarskrána vantaði almenn ákvæði um vegamikið mannréttindi auk þess sem önnur ákvæði gengu of skammt samkvæmt efni sínu. Þá bent hann á að Ísland væri aðili að þjóðgarnklum alþjóðasamningum um mannréttindi og tiltök sérstaklega Mannréttindasáttmála og Félagsmálasáttmála Evrópu og Sp-samningana tvo frá 1966. Aðstæðan hér á landi væri sú að íslensk lög gengu að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar.<sup>26</sup> Um svipað leyti og þetta var ritað var fyrirgreint kærumál *Jóns Kristinssonar gegn Íslandi* sem lýst var að framan, til meðferðar hjá Mannréttindanefnd Evrópu.

Um miðjan 10. áratuginn komu til tveir áhrifavaldar sem eru sérstak-

23 Alþt. 1993-94, A-deild, þskj. 1321, bls. 5222.  
24 Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2081.

25 Í íslenskum fræðiskrifum um mannréttindi var alþjóðasamningum um efnid gefinn litill gannur fyrir en í lok nýunda áratugar síðustu aldar. Í riti Ólafs Jóhannessonar *Stjórnskipun Íslands* frá 1960, bls. 428, er tilgreint að gerðar hafi verið alþjóðasamþykktir um mannréttindi, bæði mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 og Mannréttindasáttmáli Evrópu frá 4. nóvember 1950. Í 2. útgáfu ritins frá 1978 voru, auk Mannréttindagættis Evrópu frá 4. nóvember 1950, í 2. útgáfu ritins tveir frá 1966 og Alþjóðasamningur um afnám alls kynbátamísréttis. Hvoorki í 1. né 2. útgáfu var þó frekar víkið að söðu alþjóðasamninga um mannréttindi að íslenskum rétti eða áhrifum þeirra.

26 Sjá mál UA nr. 70/1988, lokið 29. desember 1988.

legga mikilvægir þegar kannað er hvernig áhrif mannréttindasamninga SP á íslenskan rétt hafa þróast og aukist en þeim var báðum lýst að framan. Í fyrsta lagi var mikilvægt skref tekið með lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62/1994 til að gefa ákvæðum alþjóðlegs mannréttindasamnings sérstaka stöðu að landsrétti. Í öðru lagi voru breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárimar með stj.skr. nr. 97/1995 mikilvægur þáttur til að auka áhrif mannréttindasamninga SP að íslenskum rétti, í ljósi þess að eit helsta markmið breytinganna var að taka mið af alþjóðaskuldþöndingum. Með þessu voru helstu alþjóðasamningar um mannréttindi settir í ákvæðið samhengi við mannréttindaákvæði stjórnarskrárimar. Þess má jafnframt geta að helstu alþjóðasamningar SP um mannréttindi hafa verið birtir í prentaðri útgáfu lagasafns frá árinu 1995 þar sem þeir standa næst Mannréttindasáttmála Evrópu í kafla ásamt stjórnarskránni og fleiri lögum á sviði stjórnskipunarréttar, án þess þó að hafa verið lögfestir.<sup>27</sup>

Hér á eftir verður reynt að varpa frekara ljósi á hvern þeirra samninga, sem fjallað hefur verið um fyrr í þessu riti, og þá einkum til hvaða lagabreytinga þeir hafa leitt, bæði í tengslum við og eftir fullgildingu og einnig hvernig áhrif þeirra hafa birst í réttarframkvæmd.

#### 8.4.2. Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi

##### 8.4.2.1. Ráðsáttanir tengdar fullgildingu

Eins og áður hefur komið fram var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu 22. ágúst 1979.<sup>28</sup> Fór fullgildingin fram að undangeigninni ályktun Alþingis frá 8. maí 1979 sem veitti ríkisstjórninni heimild til að fullgilda bæði SEFMR og SBSR ásamt valfrjálsu bókuninni við stóargreinda samninginn um kæruleið einstaklinga til mannréttindanevndarinnar. Í athugasemdum sem fylgdu þingsályktunartillögum kom fram að þörf væri á að gera nokkra fyrirvara í sambandi við fullgildingu hans, svo og við valfrjálsu bókunina.<sup>29</sup> Jafnframt sagði að þeir væru að mestu hlöstaðir fyrirvörum sem eitthvert eða einhver hinna Norðurlandanna hefðu gert.<sup>30</sup>

Þá var tekið fram í athugasemdunum að um nokkurt skeið hefði verið unnið að undirbúningi samninganna enda væri efni þeirra mjög í anda þeirrar mannréttindaverndar sem væri hornsteininn íslensks þjóðfélags. Hefði Jónatan

27 Það er hins vegar fallið til misskiplings að í prentaða lagasafninu og einnig í rafraun lagasafni á heimasíðu Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is), eru samningarnir birtir með númeri og ártali auglýsingar sem þeir fengu í C-deild Stjórnartíðinda en við fyrstu skoðun mátti ætla að um lagannær sé að ræða.

28 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979.

29 Alþ. 1978–79, A-deild, þskfj. 137, bls. 590.

30 Vísad er til umfjöllunar í 2. kafla rísins um þá fyrirvara sem gerðir voru af hálfu Íslands við fullgildingu SBSR.

Þormundssyni prófessor verið fallið að bera ákvæði samninganna og bókunarnar saman við gildandi íslenskar réttarreglur og eftir atvikum framkvæmd þeirra og eftir hann lægju ítarlegar greinargerðir um efnid. Niðurstaðan hefði orðið, að leku tilliti til fyrirvaranna, að ekki þyrfti að gera breytingar á lögum vegna fullgildingarinnar. Eftir atvikum þætti eðlilegast að fara þessa leið, en nokkur áriti sem hefðu komið fram við athugun málsins myndu verða til leiðbeiningar við undirbúning löggjafar á umræddum sviðum á komandi árum.<sup>31</sup>

Með þingsályktun nr. 4/113 frá 17. desember 1990 samþykkti Alþingi heimild Íslands til að fullgilda aðra valfrjálsa bókun við SBSR um afnám dauðarefningar frá 15. desember 1989 og bókunin var fullgilt af Íslands hálfu 2. apríl 1991.<sup>32</sup> Í athugasemdum með þingsályktunartillögum kom fram að dauðarefning hefði verið numin úr íslenskum lögum árið 1928, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1928, og hefði þá ekki verið beitt í langan tíma. Þá hefði Ísland fullgilt viðbótarsamning nr. 6 við Mannréttindasáttmála Evrópu um afnám dauðarefningar, frá 28. apríl 1983. Því væri ekkert því til fyrirstöðu að bókunin yrði fullgilt af Íslands hálfu.<sup>33</sup>

##### 8.4.2.2. Áhrif samningsins fyrir stjórnarskrárþreyingarnar 1995

Næsta áratug eftir fullgildingu SBSR og allt fram til stjórnarskrárþreyinganna 1995 verða ekki fundin meki þess að lítið hafi verið til ákvæða samningsins við lagasetningu, eða að hann hafi verið þar til sérstakrar leiðbeiningar. Á hinn bóginn fór þess að gæta undir lok 9. áratugarins að vísad væri til ákvæða hans í dómsmálum, og þá einkum samhliða tilvísun til sambærilegra réttindaákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu. Fyrsti hæstaréttardómurinn þar sem virðist hafa verið vísad til ákvæða SBSR í forsendum dómans er H 1989:28, nr. 5/1989 sem áður er nefndur:

Deilt var um aðgang annarra en sjúklinga og lækna að sjúkrahúsi. Á grundvelli 7. gr. laga nr. 12/1986, sbr. lög nr. 35/1988, var Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar voru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu. Þegar fulltrúar Ríkisendurskoðunar hugðust skoða sjúkaskýrslur frá ákvæðnu tímabili í heilsugæslustöð einni og bera saman við gjaldskrárreikninga fyrir lækni-ísverk neitaði heilsugæslulæknir að afhenda þær á þeim grundvelli m. a. að það bryti gegn grunnreglum um einkalífsvörnd sjúklinga og leyndarskýldu lækna sem varin væri af 15. gr. lækna laga. Þágildandi 66. gr. stjórnarskrárimar, 8. gr. MSE og 12. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

31 Alþ. 1978–79, A-deild, þskfj. 137, bls. 590.

32 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1991.

33 Alþ. 1989–90, A-deild, þskfj. 156.



Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ýmis lögskýringargögn varðandi rétt manna til fríðhelgi einkalífs kæmu hér til skoðunar, svo sem 12. gr. Mannréttindafyrirséðingar SP og 17. gr. SBSR. Þá var á það bent að í fyrrrgreindum þjóðréttarsamningum um mannréttindi væri gert ráð fyrir undantekningum frá fríðhelgi einkalífs vegna annarra þjóðfélagslagsmuna. Var læknum því gert skylt að veita Ríkisendurskoðun aðgang að sjúkraskýrslunum.

Næsta tilvik þar sem fram kemur tilvísun til SBSR er að finna í *H 1992:401*, nr. 274/1991, þar sem reyndi á ákvæði um prentfrelsi.

Í málinu var fjallað um hvort leggja mætti takmarkanir við fjáningarfrelsi blaðmanns sem ritað harði blaðgrein með harðri gagnrýni á opinberan starfsmann, staðarhaldara í Viðey. Blaðmaðurinn var ákærður fyrir brot á 108. gr. alm. hgl. sem veitti opinberum starfsmönnum sérstaka ærvernd. Í dómi Hæstaréttar kom fram að skýra bæri 108. gr. með hlífðsjón þessi ákvæði með tilliti til skuldbindinga íslenska ríkisins um vernd æru, persónu- og fjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem íslenska ríkið hefði fullgilt. Væri þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu sem birtur hefði verið með auglýsingu nr. 11/1954 og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður hefði verið á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

Í báðum framangreindum tilvikum var fallist var á að takmarkanir á mannréttindum sem voru til skoðunar stæðust ákvæði stjórnarskrárinna með vísan til refsheimildin í síðara málinu, sbr. lög nr. 71/1995 sem felldu niður sérstaka ærvernd opinberra starfsmanna samkvæmt 108. gr. alm. hgl.<sup>34</sup> Í því sambandi var í athugasemdum með lagafrumvarpinu tekið fram að færa mætti að því rök að ákvæðið samrýmdist ekki hinni almennu jafnræðisreglu sem leidd hefði verið af þágildandi 78. gr. stjórnarskrárinna, en væri auk þess að finna í Mannréttindafyrirséðingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966.<sup>35</sup>

Þessir tveir dómur þar sem vísað var til SBSR virðast þó ekki hafa markað upphaf nýs tíma fyrir áhrif samningsins. Virðast frekari tilvísanir til hans

34 Hvatinn að Þessari lagasetningu var dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Porgentis Porgentsonar gegn Íslandi* frá 25. júní 1992 þar sem ríkið var talið hafa brotið gegn fjáningarfrelsi Þorgentis samkvæmt 10. gr. MSE með því að refsa honum á grundvelli þessa ákvæðis fyrir blaðaskrif með harðri gagnrýni á lögregluna í Reykja-  
vík.

35 Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 693, bls. 3409.

fremur stopplur næstu árin og endurspegla frekar óvissu um þýðingu hans fyrir landsrétt.

Á sama tíma virðast áhrif Mannréttindasáttmálans fara mjög vaxandi en jafnframt er tilviljunarkennt hvort vísað er til samsvarandi ákvæða SBSR.<sup>36</sup> Í *H 1995:167*, nr. 312/1992 (*aðgangur sjúklings að sjúkraskól*) var í kröfugert stefnanda málsins vísað til 17. gr. SBSR og annarra alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Þá brá svo við að í héraðsdómnum, sein gekk fyrir setningu laga nr. 62/1994, var tekið fram að ákvæði SBSR og MSE yrðu ekki lögð til grundvallar niðursöðu í málinu, þar sem um væri að ræða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem ekki hefðu öðlast lagaþild hér á landi. Í dómi Hæstaréttar var ekki vikið að alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum en kráta stefnanda um aðgang að sjúkraskrárum sínum náði fram að ganga vegna breytinga sem gerðar höfðu verið á lagaþkvæðum um rétt einstaklinga til upplýsinga með 10. gr. laga nr. 39/1985 um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

#### 8.4.2.3. Áhrif samningsins eftir stjórnarskrárbreytingarnar 1995

Næstu dómur þar sem vísað var til ákvæða SBSR gengu eftir að sfskl. 97/1995 um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinna höfðu tekið gildi. Þá má sjá merki þess að málium fjölgi þar sem byggt er á ákvæðum hans í málalíbúnaði aðila og í forsendum héraðsdóma.<sup>37</sup> Undir lok títunda áratugarins færist í vöxt að vísað sé til ákvæða SBSR í forsendum dóma en þó næstum undantekningarlaust samhliða tilvísun til ákvæða MSE og laga nr. 62/1994 um lögfestingu hans. Í þessu sambandi má benda á *H 1999:3386*, nr. 65/1999 (*Good morning America*) þar sem deilt var um handtöku lögreglu á mótmælendum á Austurvelli. Í dómi héraðsdóms var vísað til víðeigandi stjórnarskrárákvæða, þ.e. 73. gr. um fjáningarfrelsið, 3. mgr. 74. gr. um fundarfrelsið og loks 67. gr. um að engan megi svipta frelsi án heimildar í lögum. Segir síðan í dómnum: „Samberileg ákvæði eru í mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi nr. 10/1079.“ Í dómi Hæstaréttar er hins vegar aðeins vísað til stjórnarskrárákvæðanna og samsvarandi ákvæða MSE en ekki til SBSR.

36 Um greiningu á áhrifum þjóðréttarsamninga á íslenskan rétt og dómaframkvæmd, einkum hvað varðar MSE sjá nánar Davíð Þór Björgvinsson: *EFS-réttur og landsréttur*, bls. 171-191

37 Hér má nefna fjóra dóm frá árinu 1997 þar sem vísað var til ákvæða SBSR í héraðsdómi; *H 1997:34*, nr. 91/1997 (*fangelsismálsstjóri*) almenn um jafnræðisreglu SBSR, *H 1997:516*, nr. 206/1997 (*áreiðing á klám*), 19. gr. SBSR varðandi fjáningarfrelsið, *H 1997:2155*, nr. 300/1997 (*aðgangur að gögnum refsímáls*) um 14. gr. SBSR varðandi réttláta málsmeðferð og í *H 1997:2828*, nr. 302/1997 (*framsal hjóna*) með almennri tilvísun í málalíbúnaði aðila til alþjóðafyrirséðinga Sameinuðu þjóðanna. Í öllum framangreindum tilvikum var vísað til ákvæða SBSR samhliða samberilegum ákvæðum MSE.

Fyrstu árin eftir stjórnarskrárbreytingarnar virðist hafa verið lítið til þess í dómum að SBSR hefði ekki verið lögfestur hér á landi. Í *H 1999:2015*, nr. 151/1999 (*táknmálstilkun*), var fjallað um lögákvæðið hlutverk Ríkisútravarsins samkvæmt þagildandi 15. gr. útravarslaga nr. 68/1985 að kynna framþjóð- endur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis og hvort skylt væri að tryggja að kynningin færi einnig fram á táknmáli. Í héraðsdómi var auk 65. gr. stjórnarskrárinna vísað til 14. gr. MSE um bann við mismunun í forsendum niðurstöðu. En tilvísun til 26. gr. kom einnig fram þar og sagði svo um áhrif hennar.

Efnifemur sækir ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna fyrirmynd sína til 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland hefur staðfest. Sú regla, sem þar kemur fram og er víðtækari, en áðurnefnd ákvæði stjórnarskrárinna og mannréttindasáttmála Evrópu, telst þó ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti, þar sem *hún hefur ekki verið lög- leidd*. Þá er mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, sem stefnendur bygja einnig á, ekki þjóðréttarsamningur og því ekki bindandi að lögum fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.

Í héraðsdómi var Ríkisútravarið sýknað af kröfum stefnanda. Í dómi Hæstar- réttar var m.a. tekið fram að gæta bæri þess að slík kynning ætti að fara fram án manngreinarálfis í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinna og 14. gr. MSE, áréttaður þessi munur á stöðu MSE og SBSR. Í málinu var deilt um þá fram- kvæmd tollstjórnans í Reykjavík að opna allar bókasendingar frá öðrum löndum í því skyni að nálgast vörurekninga svo ákveða mætti virðisaukaskatt af vör- um. Var talið að þótt lagaheimild stærði til þess að skoða og rannsaka varning sem kemur til landsins, yrðu því valdi að vera sett málfræðing mörk sem dregin yrðu af 71. gr. stjórnarskrárinna sem verndaði friðhelgi einkalífs. Var í því sambandi vísað bæði til 8. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994, og auk þess tekið upp í heild sinni ákvæði 17. gr. SBSR, en svo segir um síðarnefnda samning- inn: „Þessi samningur hefur ekki lagagildi hér á landi, en hann var fullgiltur af Íslands hálfu 22. ágúst 1979, sbr. auglýsingu nr. 10 í C-deild Stjórnartíðinda 1979“, án þess að frekar sé getið hvaða þýðingu ákvæðið hafði við aðstæður. Niðurstaða Hæstaréttar var að við þá skipan sem höfð var á skoðun varningss- væri ekki gætt meðalhófs og væri hún því andstæð 71. gr. stjórnarskrárinna. Sá greinarmunur sem áður var gerður á ákvæðum SBSR og MSE með vísan til þess að sé fyrirnefndi hafi ekki verið lögfestur hefur á síðari árum orðið minna áberandi í dómaframkvæmdinni þegar á annað borð er vísað til beggja samning- anna. Á hinn bóginn er ljóst að talsvert oftar er vísað eingöngu til ákvæða MSE við skýringu stjórnarskrárákvæða heldur en til samninganna beggja.

Í *H 2003:4153*, nr. 151/2003 var til úrlausnar hvort takmarkanir á frið- helgi einkalífs samkvæmt lögum um egnagrunn á heilbrigðisviði nr. 139/1998 færu í bága við 71. gr. stjórnarskrárinna. Í dómi héraðsdóms var auk 71. gr. stjórnarskrárinna vísað til 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR án þess að víkja að stöðu síðarnefnda samningsins. Í dómi Hæstaréttar var hins vegar eingöngu stúdast við 71. gr. stjórnarskrárinna, en hvorugan samninginn.<sup>38</sup> Af nýrri dómnum þar sem vísað hefur verið til ákvæða SBSR má benda á *dóm Hæstaréttar frá 4. október 2007*, nr. 37/2007 en þar var krafið refsingar yfir ristljóra og blaðamanni dagblaðs sem birt hafði persónuupplýsingar um stefnanda. Í héraðsdómnum var skýrt hugtakið einkalíf samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinna og jafnframt vísað til þess að einkalíf manna njóti einnig verndar „samkvæmt ákvæðum 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994, og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. auglýsingu nr. 10/1979.“ Í dómi Hæstaréttar var látið sitja við tilvísun til stjórnarskrárákvæðisins.

Loks skulu hér nefndir til sögunnar tveir dómur Hæstaréttar þar sem sérstakt tillit hefur verið tekið til jafnræðisreglu 26. gr. SBSR, í báðum tilvikum með þeirri niðurstöðu að löggjöf var talin fara í bága við mannréttindaákvæði stjórn- arskrárinna. Með stjksl. 97/1995 var nýju ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinna um jafnræði manna fyrir lögum bætt í stjórnarskrána. Í skýringum með þessu ákvæði frumvarpsins kom fram að ákvæðið sækta einkum fyrirmynd til 26. gr. SBSR. Var þar tekið fram að jafnræðisreglan væri skýrlega orðuð í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að og því til eðlilegrar samræm- ingar að festa hana í stjórnarskrána. Þannig væri hún aldráttarlaus orðuð í 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.<sup>39</sup>

Fyrir dómurinn sem hér er nefndur er *H 2000:4480*, nr. 125/2000 (*örrykja- máli I*) og er einkum mekilegur fyrir þær sakir að áhrif ýmissa alþjóðlegra samninga, ekki aðeins SBSR, heldur einnig SEFMR, Félagsmálasáttmála Evr- ópu og samþykka Alþjóðávinnumálastofnunarinnar leiddu til nýrrar tilkunar stjórnarskrárákvæða um félagsleg réttindi. Verður þeim þætti dómisins lýst í næsta kafla hér á eftir.

Í málinu var tekið á um breytingar, sem voru gerðar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með lögum nr. 149/1998, en með þeim var tekjurýgging övorkulífryisþega í hjúskap skert vegna tekna maka, sem

38 Sjá einnig *H 2003:3996*, nr. 238/2003 (*einkaskjól hjá Ríkissendurskodun*), en þar var í dómi héraðsdóms fjallað um skerðingu einkalífs samkvæmt 71. gr. eins og hún væri skýrð með hlífðin af 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR og *H 2006:823*, nr. 98/2006 (*þvinguð byflagaþjóf*) þar sem í héraðsdómi var vísað til 67. gr. stjórnarskrárinna, sbr. 5. gr. MSE og 9. gr. SBSR.

39 Alþt. 1994–95, A-deild, þskj. 389, bls. 2085.

ekki var lífeyrisþegi, með því að telja helming samantlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþega. Taldi Öryrkjabandalag Íslands að með þessu væri brotið gegn ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinna um jafnrétti og 76. gr. um rétt til aðstoðar vegna örorku. Í dómnum var staðfest að í l. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinna felust ákveðin lágmarksréttindi, sem miðuð væru við einstakling. Þrátt fyrir svigrúm lögjafans til mats á því hvernig þessi lágmarksréttindi skyldu ákvörðud gætu dómstólar ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til þess hvort það mat samrýmdist grundvallarreglum stjórnarskrárinna. Segir síðan í dómnum: „Þegar lítið er til skipulags réttinda örorkulífeyrisþega samkvæmt almannatryggingalögum og þeirra afleiðinga, sem í raun geta af því leitt fyrir einstaklinga, verður þetta skipulag ekki talið tryggja þeim þau lágmarksréttindi, sem í framangreindu stjórnarskrárákvæði felast, á þann hátt að þeir fái notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. stjórnarskrárinna mælir þeim, svo sem það ákvæði verður skilið að íslenskum rétti, sbr. 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem var fullgiltur af Íslandi hálfu 22. ágúst 1979, (Stjórnartíðindi C nr. 10/1979) og 9. gr. fyrtnefnds alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.“

Örðugt er að draga skýrar ályktanir af þessari beitingu 65. gr. stjórnarskrárinna og hinnar almennu og opnu tilvísunar til 26. gr. SBSR um þau sjónarmið, sem voru lögð til grundvallar við skýringu ákvæðisins. Ekki er vikið að neinum sérstökum mælikvörðum í þeim efnum. Þó ber að líta til þess að í dómnum var jafnframt tekið fram að það gæti *átt* við *málefnaleg rök að stýðjást* að gera nokkurn mun á greiðslum til einstaklinga úr opinberum sjóðum eftir því hvort viðkomandi væri í sambúð eða ekki. Ráða verður af niðurstöðunni að afleiðingar af skerðingu sem byggðist á þessum rökum hafi verið taldar svo þungrættar fyrir öryrkja að ekki yrði á þær fallist. Í því sambandi virðist lítið til þess að lífeyrisgreiðslur til öryrkja séu einstaklingsbundinn réttur sem þeir fá vegna fötlunar sinnar og jafnframt er verndaður af stjórnarskrá.<sup>40</sup>

Hinn dómurinn sem er mikilvægt fordegni í þessum efnum og gekk tveimur árum fyrir er *H 1998: 4076, nr. 145/1998*.

Því var haldið fram í málinu að sú skipan að binda veiðheimildir við skip samkvæmt 5. gr. þágladandi laga um sjórn fiskveiða nr. 38/1990 væri andstæð jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna og fæli í sér mismunum milli þeirra, sem leiddu rétt sinn til veiðheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hefðu ekki átt skip og ættu þess ekki kost að komast í silka aðstöðu. Í dómnum komu fram eftirfarandi ummæli um

40 Sjá nánar Björg Thorarensen: *Sjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 590.

tengsl 65. gr. stjórnarskrárinna og 26. gr. SBSR: „Í l. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna er kveðið á um það, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Jafnræðisregla þessi var áður meðal ólögfestra grundvallarreglna í íslensku stjórnskipun. Hún á sér nokkra hljóstæðu í 14. gr. mannréttindasáttmála Eyrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sem Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu nr. 10/1979 í C-deild Stjórnartíðinda.“ Það varð síðan niðurstaða dómshins að þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hrúni fiskistofna kynnu að hafa verið réttlætanager yrði ekki séð, *að rökbundin nauðsyn hngi til að lögbinda um ókomna tíð þá mismunum*, sem leiddi af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990 um úthlutun veiðheimilda. Varð þannig ekki sé að til framhúðar væri heimilt að gera slíkan greinarmun á mönnum. Hið undelida ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 væri því að þessu leyti í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna og þau sjónarmið um jafnræði, sem gæta þyrfti við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinna.

Í öðrum stefnumarkandi dómi Hæstaréttar um íslenska fiskveiðisjórmarkerfið, í svokölluðu *Varneyrarmáli*, *H 2000:1534, nr. 12/2000*, var um að ræða refsismál gegn skipstjóra og úrgerðartyrirtæki fyrir að hafa haldið til veiða án affaheimilda. Þar voru aftur tekin til skoðunar þau sjónarmið, sem lágu að baki fyrirkomulagi fiskveiðisjórmarlaganna, að deila takmörkuðum heildaraffa skipanna á milli skipa sem stundað höfðu veiðar á ákveðnu tímabili, sbr. 7. gr. laganna, og hvort sú skipan bryti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna. Í niðurstöðu dómshins var ítarlega farið yfir markmið þessarar skipunar og hvort mat lögjafans væri reist á málefnalegum forsendum. Var því lagt til grundvallar að úthlutun affaheimilda eftir 7. gr. laga nr. 38/1990 fullnægði jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna og þeim sjónarmiðum um jafnræði, sem gæta þyrfti við takmörkun atvinnufrelsis samkvæmt 1. mgr. 75. gr. hennar.

Það er athyglisvert að í síðari dómnum um fiskveiðisjórmarkerfið var ekki vísað til 26. gr. SBSR né annarra alþjóðasamninga, hvorki í málalibúnaði aðlla né niðurstöðum dómshins til fyllingar 65. gr. stjórnarskrárinna. Dómarnir tveir njóta nokkurrar sérstöðu, enda var um afar undelitt pólitískt deilumál að ræða, þar sem m.a. þurfti að leggja úr af þeirri almennu pólitísku stefnumörkun sem kom fram í l. gr. laganna um sjórn fiskveiða að nýfjástofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í báðum dómnum var kannað markmið laganna um sjórn fiskveiða en auk þess fléttaðist þar saman mat á því hvort mismunum, sem gerð var á atvinnufrelsi manna samkvæmt 75. gr. stjórnarskrá-

innar til að ná því markmiði, væri málefnaleg eða hvort hún gengi of langt, þ.e. hvort meðalhófs var gætt.<sup>41</sup>

Af því sem hér hefur verið lýst sést að sjaldgæfi er í raun að vísað sé beint til ákvæða SBSR í forsendum dóms Hæstaréttar.<sup>42</sup> Algengara er að slíkt sé gert í niðurstöðum héraðsdóma, samhliða ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá fyrir dómi án þess að tekin sé afstaða til þeirra í dómsniðurstöðu. Af dómframhans hefti þó markað sé þá stöðu að geta verið til fyllingar og skýringar á ákvæði réttindákvæðum stjórnarskrárinna. Þó er lítið samræmi í framkvæmdinni á því hvernær dómstólar skýra stjórnarskrárákvæðin í ljósi ákvæða samningsins.

Hitt er ljóst að jafnvel þótt 26. gr. sé beitt til skýringar og fyllingar 65. gr. stjórnarskrárinna er ekki sjálfgefið að túlkun íslenskra dómstóla sé alltaf á sama veg og túlkun mannréttindaneftardarinnar kann að verða um sama álita-Sveins Haraldssonar og Arnar Smevarar Sveinssonar gegn Íslandi sem komst að gægnstæðri niðurstöðu en íslenskir dómstólar um túlkun jafnræðisreglu.<sup>43</sup> Talið nefndin að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 26. gr. samningsins þar sem úthlutan veitkvóta við skipulagningu íslenska fiskveiðiekki byggð á málefnalegum forsendum. Í reitsmáli kæranda fyrir kærundur væri dómstóllun hafði áður verið talið að skipulag veidisjómarkerfissins stæð-473/2002, en þar var vísað til sömu röksemda og í fyrirgreindum H 2000:1534, nr. 12/2000 (*Vatnyrarnald*). Í síðargreinda dómnum rökstuddi Hæstiréttur áratlega með hvaða hætti fyrirkomlagið stæðist kröfur jafnræðisreglu stjórnarskrárinna, varðandi málefnaleg sjónarmið fyrir mismunum. Þessu mati var mannréttindaneftindin ósamnáa og leiddi túlkun meirihluta hennar á 26. gr. því til gagnstæðrar niðurstöðu.<sup>44</sup>

41 Sjá nánar Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 588-590.

42 Nokkur dæmi eru um að lagt sé út af ákvæðum SBSR í sérákvæðum hæstaréttardóm- þar sem vísað er til 7. gr. SBSR, og sérákvæði Hjördísar Hákonardóttur í *dæmi Hástaréttar frá 25. október 2007*, nr. 109/2007 (*Jafnræði trúfélaga*) þar sem vísað er til trú- nr. 22 frá 30. júlí 1993 varðandi ríki þar sem sérstakar ríkisskrájur eru starfræktar. Sbr. álit mannréttindaneftardarinnar frá 24. október 2007 í máli nr. 1306/2004, sem lýst var í 2. kafla að framan.

43 Íslensk stjórnvöld hafa ekki gripið til neinna beinna aðgerða til að bregðast við álit mannréttindaneftardarinnar en í svarbréfi sjávarútvegsráðherra til mannréttinda- nefndarinnar, dags. 6. júní 2008, var því lýst að stefnt yrði að því að endurskoða fiskveiðisjómargjöfina þar sem tekið yrði mið af niðurstöðu nefndarinnar. Birt

44

Þegar lítið er frá dómframkvæmd og könnuð áhrif samningsins almennt á setningu laga, kemur í ljós að eftir 1995 má finna ýmis dæmi þess að vísað sé til SBSR í lögskýringargögnum og að við setningu laga sé m.a. tekið mið af ákvæðum samningsins. Eitt fyrsta dæmið af þessum toga má sjá í frumvarpi til lögreglulaga, sem varð að lögum nr. 90/1996. Í 2. gr. laganna sem ber yfir- skriftina „Tengsl við þjóðarétt“ er mælt fyrir um að lögregla skuli í stórfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur und- irgengist. Í skýringum við þetta ákvæði er tekið fram að hér séu einkum höfð í huga ákvæði MSE sem lögfest voru með lögum nr. 62/1994, en einnig komi til álita Mannréttindafyrlysing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og Alþjóða- samningur um borgaraleg og stjórn mála- réttindi frá 1966 sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna. Einnig er getið í þessu sambandi Evrópusam- nings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987, sbr. lög nr. 15/1990. Tekið er fram að 2. gr. lögreglulaganna eigi fyrst og fremst að þjóna þeim tilgangi að minna á tilvist þessara laga og sáttmála og undirstríka mikilvægi þeirra.<sup>45</sup>

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga um útlendinga sem varð að lögum nr. 96/2002 er sérstakur kafi helgaður umfjöllun um alþjóðlega mannréttindasamninga sem hafa áhrif á réttarstöðu útlendinga með ýmsum hætti og hafðir eru að leiðarljósi við setningu laganna. Þar eru taldir, auk Mannréttindasáttmála Evrópu, allir mannréttindasamningar á vegum SP sem fjallað er um í riti þessu. Jafnframt er sérstaklega bent á ákvæði 13. gr. SBSR um réttindi útlendinga sem vísa á úr landi og hvernig lögnum sé ætlað að tryggja þau rétti- indi. Þá er bent á að við fullgildingu SBSR hafi verið gerður fyrirvari af Íslands hálfu við þetta ákvæði að því leyti sem það var ekki í samræmi við gildandi lög um rétt útlendinga til að koma að andmællum vegna ákvörðunar um brott- vísun hans. Tekið er fram að fallið hafi verið frá þessum fyrirvara á grundvelli breytinga á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 133/1993.<sup>46</sup>

Tililt til ákvæða SBSR, og reyndar til alþjóðlegra mannréttindasamninga almennt við lagasetningu, hefur aukist merkjanlega eftir 1995 en fyrir þann tíma virðist óþekkt að hljóðsón hafi verið höfð af ákvæðum þessara samninga, s.s. í undirbuningsgögnum með lagafrumvörpum. Hitt er víst að mun oftar er vísað einvörðungu til ákvæða MSE í slíkum gögnum en látið hjá líða að benda einnig á sambærileg ákvæði SBSR eða annarra alþjóðasamninga um mann- réttindi.<sup>47</sup>

á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, <http://www.sjavarutvegstrad- uneyti.is/frettir/frettalengf/r/9305>.

45 Alpt. 1995-96, A-deild, þskj. 783, bls. 3777.

46 Alpt. 2001-02, A-deild, þskj. 698, bls. 3153 og 3154.

47 Sem nýleg dæmi má nefna lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 þar sem allvörða er vísað til 6. gr. MSE og annarra réttarfrásákvæða sáttmálans í skýringum með frum-

8.4.3. *Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi*

8.4.3.1. *Ráðstafanir tengdar fullgildingu*

Eins og áður hefur komið fram var samningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi fullgiltur af Íslands hálfu 22. ágúst 1979 á sama tíma og frá 8. maí 1979. Að undanangenginni almennti umsógn um báða samningana í athugasemdum sem fylgdu þingsályktunartillögum segir um SEFMAR: „Nið-efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi án fyrirvara eða undanfarandi aðgerða á löggjafarsviði. Samningurinn móttast að verulegu leyti af skuldbind- ingum um tiltekna löggjafarstefnu.“<sup>48</sup>

Í þessum ummælum endurspeglast sú afstaða sem lengst af hefur ríkt um eðli efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda að íslenskum rétti, þ.e. að þau séu fyrst og fremst stefnumyfyrirsingur en ekki lagaleg réttindi sem einstaklingar geti byggt rétt á beint fyrir dómstólum. Þá er líka höfð í huga sú stefna að tilteknum markmiðum en lýsa ekki yfir tilteknum rétti einstaklings í þessu tilhiti.<sup>49</sup>

8.4.3.2. *Áhrif samningsins á íslenskan rétt*

Um þein áhrif SEFMAR á lagasetningu eða löggjafarstefnu er ekki hægt að finna nein merki á næstu árum eftir fullgildingu. Ekki finnst heldur dæmi um að til hans hafi verið vísað í dómsmálum við skýringu laga eða stjórnarskrár. Reynndar má hafa í huga að fyrir stjórnarskrárþreyingarnar 1995 voru aðeins tvö fremur fornfaleg stjórnarákvæði sem luttu beinlínis að þeim réttindum sem SEFMAR verndar. Það var 70. gr. sem fjallaði um rétt manns til styrks úr almennum sjóði sem ekki fengi séð fyrir sér og sínum og 71. gr. um skyldu úr að sjá börnum fyrir menntun og framfæri af almannafé hefðu foreldrar þeirra ekki efni á að veita þeim hana eða þau væru munnaðarlans og öreigar. Ekkert dæmi virðist vera að finna um að þessi stjórnarskrárákvæði hafi komið til álita í dómsmáli eða til þeirra vísað, þrátt fyrir talsverða dómaframkvæmd um nær öll önnur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinna.<sup>50</sup> Er það líka í samræmi við

varpinu og laga nr. 62/1994, en hvergi vikið að 14. gr. SBSR, sbr. Alþt. 2007-08, A-deild, þskj. 252, bls. 1397. Sjá einnig lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005 þar sem vísað er til barns við pyndingum samkvæmt 3. gr. MSE en engra annarra alþjóðlegra skuldbindinga um barn við pyndingum, sbr. Alþt. 2004-05, þskj. 379, bls. 1442.

48 Alþt. 1978-79, A-deild, þskj. 137, bls. 590.

49 Þjórg Thorarensen: „Beiting ákvæða um efnahagsleg og félagsleg mannréttindi í stjórnarskrá og alþjóðasamningum.“ *Tímari lögfræðinga*, 2. hefti 2001, bls. 88.

50 Þjórg Thorarensen: „Beiting ákvæða um efnahagsleg og félagsleg mannréttindi í stjórnarskrá og alþjóðasamningum.“ *Tímari lögfræðinga*, 2. hefti 2001, bls. 82.

skoðun fræðimanna sem þá ríktu að þau fælu ekki í sér nein efnisleg réttindi eða réttarlega þýðingu en væru fyrst og fremst stefnumyfyrirsingur þar sem löggjafanum væri að mestu í sjálfsvald sett hvaða reglur hann setti um efnid.<sup>51</sup>

Sem áður segir var við stjórnarskrárþreyingarnar 1995 verulegt tillit tekið til ákvæða bæði SEFMAR og Félagsmálasáttmála Eyrópu, eins og sést af lög- skýringargögnunum. Mikilvægustu nýmælin á sviði efnahagslegra og félagslegra réttinda sem komu inn í stjórnarskrá voru talin 2. mgr. 75. gr. varðandi rétt til að senja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu og einnig var vísað til 3. mgr. 76. gr. um vernd á réttindum barna sem nýmæla meðal stjórnarskrár- kvæða með sérstakri tilvísun til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna eins og nánar verður lýst hér síðar. Með 1. mgr. 76. gr. um rétt manns til framfærsluáðstoðar var stefnt að því að úttæra nánar réttindin sem áður stóðu í 1. mgr. 70. gr. Mæli ákvæðið nú fyrir um að öllum sem þess þurfa, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örþingðar og sambærilegra atvika. Í skýringum með 1. mgr. 76. gr. segir m.a. að gengið sé út frá að nánari reglur um félagslega aðstoð af þessum meiti verði settar með lögum, en með ákvæðinu sé markaður sá rannmi að til þurfi að vera reglur sem tryggja þessa aðstoð. Þá er vísað til þess að í Félagsmálasáttmála Eyrópu og Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg rétti- indi séu ýmsar reglur af sama toga og hér um ræðir. Sérstaklega er þar bent á 12. og 13. gr. félagsmálasáttmálans þar sem eru fyrirnefni um réttinn til félags- legs öryggis, félagslegrar aðstoðar og læknihjálpar og 11. og 12. gr. SEMFR um áþekk atviki. Hvað varðar 2. mgr. 76. gr. um rétt manna til almennrar menntunar er í greinargerð vísað til 13. gr. SEFMAR og í 27. gr. Samningsins um réttindi barnsins og einnig er vísað til Barnasamningsins í skýringum við 3. mgr. 76. gr. sem fjallar um velferð barna.<sup>52</sup>

Ákvæði SEFMAR komu fyrst til skoðunar í dómsmáli í H 1999: 390, nr. 177/1998.

Stefnandi sem var blind kona krafðist bóta frá Háskóla Íslands þar sem ekki hefði verið gripið til nauðsynlegra ráðstafana er hún stundaði nám við viðskipta- og hagfræðideild skólans, til þess að hún fengi sömu þjónustu og aðrir stúdentar í deildinni. Taldi konan að brotið hefði verið á rétti hennar samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983 og 59/1992, sem lýstu því markmiði í 1. gr. að tryggja fötlubum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lífa eðlilegu lífi og hásla sér völli í samfélaginu þar sem þeim vegnaði best. Auk þess sem hún studdi kröfu sína við 2. gr. 1. viðauka MSE um rétt til menntunar

51 Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 468.

52 Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2110.

og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna vísaði hún til reglna fjólmargra alþjóðasamninga og alþjóðasamþykktanna um rétt til menntunar og réttindi fatlaðra, þar á meðal 13. gr. SEFMR varðandi rétt til menntunar og 2. gr. samningsins varðandi skyldur ríkis til að grípa til jákvæðra ráðstafana til að gera þau réttindi raunveruleg og virk. Í niðurstöðu héraðsdóms í málinu var lagt mat á hvort brotið hefði verið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna og hún m.a. skýrð í ljósi 14. gr. MSE, 26. gr. SBSR og 13. gr. SEFMR. Var Háskólinn sýknaður af kröfu stefnanda. Í dómi Hæstaréttar varð niðurstaðan önnur, m.a. með vísan til laga um málafni fatlaðra, 14. gr. MSE og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna. Talið var að þrátt fyrir að komið hefði verið til móts við ýmsar óskir stefnanda um undanþágur og aðstoð vegna fötlunar, hefði skort á að gerðar væru almennar ráðstafanir eða heildarstefna mótuð um námsaðstoð við hana, námsfráfráningu, aðstoð í prófum og próftíma, sem hún gat gengið að. Talið var að þetta fæli í sér meingæði gegn persónu R og frelsi hennar til menntunar og voru henni dæmndar miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki var þó vísað til ákvæða SEFMR í þessu sambandi.

Ári síðar gekk annar dómur þar sem áhrif ákvæða SEFMR eru meira afgerandi á skýringu stjórnarskrárákvæða, en það var í fyrrgreindum *H 2000:4480*, nr. 125/2000 (*Örorkjómali I*) sem áður var lýst vegna áhrifa sem þar gæti frá 26. gr. SBSR við tilkun jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinna. Dómurinn leiðir í ljós að ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga bæði SEFMR en einnig Félagsmálasáttmála Evrópu og samþykktu Alþjóðavinnuástofnunarinnar hafa leitt til nýrrar túlkunar stjórnarskrárákvæða um félagsleg réttindi.

Í málinu var sem áður sagði fjallað um efnislegt inntak 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinna um rétt til aðstoðar vegna örorku. Deilt var um breytingar, sem voru gerðar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með lögum nr. 149/1998, en með þeim var tekjutrygging örorkulífeyrisþega í hjúskap skert vegna tekna maka, sem ekki var lífeyrisþegi, með því að telja helming samantlagðra tekna beggja hjóna til tekna lífeyrisþega. Þetta leiddi til þess að greiðslur til örorkja sem voru í hjúskap gátu verið skertar, í sumum tilvikum í þeim mæli að örorki í hjúskap, sem hafði ekki aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga, fengi aðeins í tekjur grunnörorkulífeyri. Segir síðan í dómnum um skýringu 76. gr. í ljósi alþjóðasamninga.

„Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinna, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örtírgöðar og sambærilegra atvika. Í ahlugasendum, sem fylgdu frumvarpi að lögum nr. 97/1995,

var tekið fram, að gengið væri út frá því, að nánari reglur um félagslega aðstoð af þessum meði yrðu settar með lögum, en með ákvæðinu væri markaður sá rammi, að til þurfi að vera reglur, sem tryggja þess aðstoð. Var sérstaklega í því sambandi vakin athygli á 12. og 13. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 15. janúar 1976, (Stjórnartíðindi C nr. 3/1976), og 11. og 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 22. ágúst 1979, (Stjórnartíðindi C nr. 10/1979). Lýtur fyrrnefndi samningurinn að því að samningsaðilar skuldbinda sig meðal annars til að koma á eða viðhalda almannatryggingum eða gera þeim það hátt undir höfði, sem krafið er til fullgildingar á alþjóðavinnuástamþykkt um lágmark félagslegs öryggis, en í 67. gr. þeirrar samþykktar er mælt fyrir um þær reglur, sem þetta lágmark þarf að uppfylla, og kemur þar fram að um skerðingar geti ekki verið að ræða nema vegna verulegra viðbótarfjárhæða. Síðari samningurinn lýtur hins vegar að því meðal annars að samningsaðilar viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsatkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans. Það er viðurkennd regla að norrænum rétti að skýra skuli lög til samræmis við alþjóðasamninga, sem ríki hefur staðfest eftir því sem kostur er. Samkvæmt framantíðnu verður 76. gr. stjórnarskrárinna skýrð á þann veg að skylt sé að tryggja að lögum rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti einhverrar lágmarks framfarlsu eftir fyrirfram gefnu skipulagi, sem ákvæðið sé á málafnalegan hátt. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinna hefur almenni löggjafinn vald um það hvernig þessu skipulagi skuli háttað. Skipulag, sem löggjafinn ákvæður, verður þó að fullnægja þeim lágmarksstéttindum, sem felast í ákvæðnum 76. gr. stjórnarskrárinna.“

Dómurinn er stefnumarkandi, bæði að því er varðar staðfestingu á því að stjórnarskrárákvæðið um félagslega aðstoð feli í sér tiltekin lágmarksréttindi, en þó ekki síður vegna þess að áhrif SEFMR og annarra alþjóðasamninga um félagsleg réttindi eru þar ótvíræð. Hann gefur til kynna að áhrif breytinganna 1995 á stjórnarskrárbundna vernd félagslegra réttinda hafi orðið meiri en stjórnarskrárgjafinn sá fyrir við setningu stjksl. nr. 97/1995. Það leiðir af markmiði stjórnarskrárþreytinganna að tilka eigi stjórnarskrárákvæði í ljósi alþjóðaskuldbindinga. Sambærileg álitafni hafa þó ekki komið til útlausnar fyrir dómstólum síðan, þannig að ekki er hægt að tala um mótaða dómafrankvæmd á þessu sviði.<sup>53</sup> Annan dóm sem sýnir skýrt fram á tengsl stjórnarskrár og ákvæða SEFMR má sjá í *H 2002:3686*, nr. 167/2002.

Í málinu var deilt um hvort lög nr. 34/2001, sem set voru til að stöðva verkföll fiskimanna, væru andstæð 74. gr. stjórnarskrárinna, 11. gr. MSE,

53 Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 548.

ákvæðum FSE, SEFMIR og samþykktá II O nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98 um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félag og semja sameiginlega, sem báðar hafa verið fullgiltar af Íslands hálfu. Alþjóðyrði réttur tiltekina aðildarféлага til að eigna til verkfallis þrátt fyrir ákvæði laganna og að ákvörðun gerðardóms samkvæmt lögnum réði ekki kjörum fiskimanna í þessum félögum. Var því haldið fram að með setningu laganna hefði verið brotið gegn samningsfrelsi og verkfallsrétti stéttarféлага sem verndað væri af 74. gr. stjórnarskrárinna og var einnig vísað til ýmissa alþjóðaskuldbindinga um félagsleg réttindi og réttindi stéttarféлага. Í dómi héraðsdóms, sem var staðfestur í Hæstarétti, var ákvæði 1. mgr. 74. gr. skýrt í samhengi við 2. mgr. 75. gr. Bent var á að með þessum ákvæðum hefði verið fest í sessi í stjórnarskrá það samningsfrelsi, sem hér haf lengi ríkt meðal þorra launafólks um kaup, kjör, orlof og önnur mikilvæg réttindi sem tengjast vinnu en einnig væri þar sett almennt regla um að skipa ætti með lögum rétti manna varðandi vinnu og orlof. Segir síðan í dómnum: „Að teknu tilliti til orðalags ákvæðisins og með hliðsjón af alþjóðasamningnum sem Ísland hefði gerst aðili að, einkum Félagsmálasáttmála Evrópu og Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, meyti hins vegar telja sýnt að ákvæðið fæli í sér að í lögum ættu meðal annars að vera fyrirmaeli um hverning beita meyti verkfalli og verkbanni í vinnudeilu. Ákvæðið gerir því beinlínis ráð fyrir að þessi mikilvægu réttindi geti verið háð takmörkunum í lögum. Með hliðsjón af 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans, 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinna og þeim alþjóðasamningnum um félagsleg réttindi sem líta má til við skýringar á 74. og 75. gr. stjórnarskrárinna, verður 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinna ekki talin fela í sér skilyrðislausna vernd verkfallsréttar féлага og beitingu verkfallsréttar megi aðeins skerða með lögum og því aðeins að uppfylltum samþærilegum skilyrðum og fram koma í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans. [...] Af 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinna eins og ákvæðin verða túlkuð með hliðsjón af 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans og öðrum framangreindum ákvæðum alþjóðlegra sáttmála um félagsleg réttindi þykir hins vegar leiða að gera verður strangar kröfur til lagasetningar sem banna tiltekin verkföll eða verkbönn.“

Eftir árið 2002 virðist sem nokkuð hafi dregið úr tilvísunum til SEFMIR í dómumánum eða einfallega fækkað þeim mállum þar sem reynir á efnahagsleg og félagsleg réttindi og túlkun 76. gr. stjórnarskrárinna. Síðasta dæmið af þeim toga er að finna í H 2003:3411, nr. 549/2002 (*örvirkjámál II*). Þar var vísað til 11. gr. SEFMIR í málalíbúnaði stefnanda fyrir héraðsdómi, en niðurstaðan í dómi Hæstaréttar var að afturvirk skerðing kröfuréttinda sem stofnuðust vegna dóms Hæstaréttar í fyrra örvirkjámálinu fæli í sér brot á

eignarréttarákvæðinu í 72. gr. stjórnarskrárinna. Hvorki í dómi héraðsdóms né Hæstaréttar var hins vegar tekin afstaða til þýðingar 11. gr. SEFMIR.<sup>54</sup>

#### 8.4.4. Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamistréttis 8.4.4.1. Ráðstafanir tengdar fullgildingunni

Eins og áður hefur verið lýst var ekki leitað samþykkis Alþingis samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinna áður en Samningur um afnám alls kynþáttamistréttis var fullgiltur. Er þetta jafnframt fyrsti mannréttindasamningurinn úr flokki SP-samninga sem Ísland gerðist aðili að en fullgildingin fór fram 13. mars 1967.<sup>55</sup> Eftir má að íslensk stjórnvöld hafi viljað vera í hópi þeirra fyrstu sem gerðust aðilar að samningnum enda hafði Ísland tekið einarða afstöðu gegn kynþáttamistrétti á vettvangi allsherjarþingsins á fyrri hluta áratugarins og fram á sjöunda áratug síðustu aldar og hafði að ýmsu leyfi framsekjari afstöðu en bæði Norðurlöndin og önnur Vesturlönd í þeim efnum.<sup>56</sup> Þannig má benda á að Ísland dró aldrei í efa rétt allsherjarþingsins til þess að fjalla um kynþáttáðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku, en studdi heimild til þess í c-lið 55. gr. stofnskrár SP, ólíkt því sem mörg önnur vestren ríki gerðu. Sú afstaða Íslands stóð óhöggvöld við samþykkt ýmissa ályktana allsherjarþingsins á 6. áratugnum og síðar á 7. áratugnum þar sem kynþáttáðskilnaðarstefnan var fordæmd.<sup>57</sup>

- 54 Í nokkrum álitum umboðsmanns Alþingis frá síðasta áratug hefur verið vísað til ákvæða SEFMIR við skýringu 75. og 76. gr. stjórnarskrárinna. Þar má nefna *álit frá 21. febrúar 2003 í máli nr. 3409/2002* þar sem reyndi á álitachi um verkfallsrétt opinberra starfsmanna og bent á að samkvæmt a-lið 1. mgr. 8. gr. SEFMIR skuldabítt ríki þau sem eru aðilar að samningnum sig til að ábyrgjast verkfallsrétt, að því áskildu að honum sé beitt í samræmi við lög víðkomandi lands. Þá má einnig vísa til álits *ÚA frá 10. júní 2008 í máli nr. 4552/2005, 4593/2005, 4888/2006 og 5044/2007*. Þar tók umboðsmaður sérstaklega til skoðunar hvort erindi og kvartanir sem honum hefðu borist um réttarstöðu aldráðs fólks, einkum um það hvaða lágmarkskröfur þessir einstaklingar ættu að lögum til aðstoðar og þjónustu af hálfu þins opinberra, hefðu orðið honum tilfærni m.a. til atvagnunar sem hefði einkum beinst að því hvort ákvæði laga og reglna sem gilda um málafokkinn uppfylltu kröfur stjórnarskrár og alþjóðasamninga sem Ísland væri aðili að. Í því sambandi lagði hann áherslu á þau tengsl sem væru á milli 76. gr. stjórnarskrárinna og ákvæða SEFMIR og Félagsmálasáttmála Evrópu og vísaði til fyrirgreindra skýringargagna með sískl. 97/1/995 sem lýst var að framan.
- 55 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1968. Þar var samningurinn birtur sem fylgiskjal á ensku en hann kom ekki út í íslenskri þýðingu á vegum stjórnvalda fyrir en árið 1995 í sérþrennum dómsmálaráðuneytisins. Björg Thorarensen: „Stjórnarskráin og meðferð utanríkisnála“, *Útjöður*, 3. tbl. 2007, bls. 430.
- 56 Ísland var fimmta ríkið sem fullgilti SAK, á eftir Búlgaríu, Kosta Ríka, Ekvador, Gana og Pakistan. Önnur Norðurlönd fullgiltu samninginn á árunum 1970 og 1971.
- 57 Sjá nánar Valdmar Unnar Valdmarsson: *Ísland í eðlinu alþjóðamála*, bls. 195-206, og Björg Thorarensen: „Framkvæmd Íslands á mannréttindaskuldbindingunum Sam-einuðu þjóðanna og nýjar ógnir við mannréttindi“ *Uppbrot hugmyndakerfiss. Endurnúðun íslenskrar vísindaskissemju* 1991–2007, bls. 286.

Þá gaf ríkissjófnin síðar út yfirlýsingu um vörðkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamiréttis til að skera úr um kætur á hendur íslenska ríkinu um þrot á ákvæðum samningsins, sbr. 14. gr. hans, en ekki er að sjá að ákvæðið um hafi verið kynnt Alþingi eða samþykkt þess óskað.<sup>58</sup>

Engar lagabreytingar áttu sér stað í tengslum við fullgildinguna SAK þótt ljóst væri að samningurinn legði ýmsar skyldur á aðildarríki til að breyta hegningarlögum nr. 19/1940 með lögum nr. 96/1973 til að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum. Var þá bætt inn refsiakvæði, 233. gr. a, sem lagði refsingu við því að ráðast opinberlega með smánandi eða ógnandi ummaelum að hópi manna vegna kynþáttar þeirra eða lítarháttar. Ákvæðið mælir fyrir um á hver sem með háði, rögi, smánum, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega þruga eða kynhneigðar skuli seta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 96/1973 fylgdi ítarleg greinargerð sem varði að gera vegna aðildar Íslands að samningnum um lagabreytingar sem nauðsynlegt mirstéttis. Í greinargerðinni er vísað til samberilegs starfs sérstakra laganefnda á Norðurlöndum um lagabreytingar sem þyrfti að grípa til vegna aðildar að samningnum.<sup>59</sup>

Það var sameiginleg niðurstaða norræna nefnda um viðfangsefnið<sup>60</sup> að breyta þyrfti refsilögum vegna a-liðar 4. gr. samningsins. Segir í greinargerð almenn ákvæði um aðlögur að hópi manna vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóð- og nauðsynlegt að fullnægja skilyrðum samningsins með því að lögfestu slík ákvæði, en til þeirra lögju að auki veigamikil rök í ríki sem vildi halda í heiðri kynþáttamirétti og refsiverða þáttöku í þeim, sbr. b-lið 4. gr. samningsins, starfsemi félaga vegna ákvæða þáglíðandi 73. gr. stjórnarskrárinar um yernð félagafrælsis. Ljóst sé að félag sem hafi um hönd skipulagsgbundna starfsemi af þessu tagi sé félag með *ólögnættum tilgangi* sem unnt væri að banna með stöð í 73. gr. stjórnarskrárinar.<sup>60</sup>

Ákvæðið í 233. gr. a í alm. hgl. er að mestu leyti samþætting ákvæðum sem bætt var við dönsk og norsk refsilög, sbr. lög nr. 288/1971 sem bættu 1. mgr.

58 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1981. Sjá nánar Björg Thorarensen: „Stjórnarskráin og meðferð utarríkismála.“ *Útfljótur*, 3. töl. 2007, bls. 430.  
59 Alþ. 1973, A-deild, þskj. 79, bls. 532.  
60 Alþ. 1973, A-deild, þskj. 79, bls. 533.

266. gr. b við dönsku hegningarlögin og lög nr. 34/1970 sem bættu 1. mgr. 135. gr. a við norsku hegningarlögin.

Í lagaákvæðum sem bætt var við refsilög á Norðurlöndum var ekki gengið svo langt að gera refsiverða *alla útbreiðslu á hugmyndum sem byggðar eru á kynþáttayfirburðum eða óvild eins og þó er kvæðið skýrt á um í a-lið 4. gr. SAK* að aðildarríkjum beri að gera. Í skýringargögnum með norrænu lögnum kemur fram að það samrýmdist ekki skoðunum Norðurlanda um yernð tjáningarfrelsis að gera refsiverða útbreiðslu hugmynda með þeim hætti sem samningurinn krefðist.<sup>61</sup> Af framangreindu má ráða að refsiakvæðum Norðurlandanna var frá upphafi ætlað að ganga eitthvað skemur en meilt er fyrir um í a-lið 4. gr. Samnings um afnám alls kynþáttamiréttis hvað varðar útbreiðslu hugmynda sem byggðar eru á kynþáttayfirburðum.

Í skýringum í frumvarpinu um 233. gr. a var nánar víkið að gildissviði ákvæðisins og vísað til norræna undirbúningssagna um sama efni. Segir m.a. í greinargerðinni að undir ákvæðið falli bæði orð og annars konar viljafjámng, svo sem til dæmis myndir. Verkaður sé fólgin í því að hæða, regja, smána eða ógna hópi manna vegna kynþáttar hans eða annarra atriða sem talin eru í ákvæðinu. Þar segir einnig: „Ljóst er að refsiakvæði frumvarpsins stemmir ekki stígu við að lýsa með fræðilegum hætti mismun kynþátta, fólki af mismunandi lítarhætti o.fl., og gegnir hinu sama um málafnislegar umræður, þótt ekki séu á fræðasviði.“<sup>62</sup>

Síðar var öðru lagaákvæði bætt við alm. hgl. sem stefnir að því að veita einstaklingum sérstaka refsivernd fyrir mismunum, m.a. á grundvelli kynþáttar, lítarháttar eða þjóðernis í lögskipum á sviði einkaréttarins. Með lögum nr. 135/1996 var bætt við nýju ákvæði, 180. gr. Þar segir að hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, lítarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skuli seta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Það sama gildir ef manni er af þessum ástæðum neitað um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem eru opin almenningi. Í athugasendum sem fylgdu frumvarpinu kemur fram að engar breytingar hafi verið gerðar á íslenski löggjöf til samræmis við ákvæði f-liðar 5. gr. SAK um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum jafnan aðgang að þjónustu og opinberum stöðum án mismununar á grundvelli kynþáttar, lítarháttar eða þjóðernis. Þetta hefði meðal annars orðið tilefni fyrirspurna frá alþjóðlegri nefnd um afnám kynþáttamiréttis, sem hefði efnirilt með framkvæmd samningsins,

61 Sjá nánar um setningu refsiaákvæða á Norðurlöndum í tilefni af aðild þeirra að SAK, Björg Thorarensen: „Tjáningarfrelsið og bann við útbreiðslu kynþáttaförðoma.“ *Útfljótur*, 3. töl. 2002, bls. 427 og 428.  
62 Alþ. 1973, A-deild, þskj. 79, bls. 534.



um hvernig þessi réttindi séu tryggð í reynd hér á landi. Þá er bent á að á síð-ustu árum hafi vaxið tilhneiging til að setja ákærði í íslenska löggjöf til þess að tryggja með skýrum hætti að jafnræðisregla skuli í heiðri höfð og banna mismunun. Sem nýleg dæmi um þetta eru nefnd jafnræðisreglan í 11. gr. stjórn-efnilegt að veita réttinum til jafns aðgangs að þjónustu og opinberum væri sérstaka refsivernd í 180. gr. almennu hegningarlöganna. Samhliða því að koma með þessu til móts við þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt sam- ingnum um afnám alls kynþáttamiséttis var einnig gerð refsiverð mismunun á grundvelli kynhneigðar, líkt og gert hefði verið í nágrannalöndum okkar.<sup>63</sup>

#### 8.4.4.2. Áhrif samningsins á íslenskan rétt

Hér á landi hefur ekki verið sett almenn löggjöf sem bannar mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna o.þ. á öllum sviðum eða sérstök lög ríkjum Eyrópusambandsins. Hefur ráðherraáð ESB set setstakar tilskip- anir um efnid, annars vegar nr. 2000/43/EB um innleiðingu meginreglunnar 2000/78/EB um innleiðingu meginreglunnar um jafnrétti í tengslum við vinnumarkaðinn. Þar er kveðið á um bann við mismunun á grundvelli trúar eða trúarbragða, örorku, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar en gildissvið tilskip- unarinnar takmarkast við atvörð sem tengjast vinnumarkaðnum. Efnid þessara leiðdar í íslenskan rétt.<sup>64</sup>

Ákæra hefur aldrei verið gefin út vegna brots á 180. gr. alm. hgl. en einu sinni hefur verið höfðað refsímál vegna brots á 233. gr. a, sbr. dóm í H 2002:1485.

Tilfenið var opnuviðtal sem birtist í dagblaðinu DV við varafórnann Félags íslenskra þjóðernissinna, undir fyritrógninni „Hvíta Ísland“. Í viðtal- inu sem var slegið upp með forstöðunynd af viðmælendannum í helgarblaði birtust ummæli hans í garð fólks af svörtum kynþætti sem byggðust einkum á samamburði á Íslendingi og „afrikunegra“ eins og það var kallað í greininni. Lýsti hann þar ótvíræðum yfirburðum hvíta kynstofnsins og hélt fram ýmsum neikvæðum eiginleikum í fari Afríkubúa. Í niðurstöðu Hæstaréttar var tekið fram að ákærði ætti rétt til skoðana sinna og að láta þær í ljós samkvæmt 73. stjórnarskrárinna, sbr. einnig 10. gr. MSE. Skorður við frelsi hans til skoð- ana sinna um þjóðerni, lítarhátt og kynþætti manna yrðu að uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. Andspænis tjáningarfrelsi ákærða staði réttur manna til þess

63 Alþt. 1996–97, A-deild, þskj. 100, bls. 806 og 807.

64 Þjórg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 575.

að þurfa ekki að þola árásir vegna þjóðernis þeirra, lítarháttar eða kynþáttar, sem varinn væri af 233. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna. Bent var á að ummæli ákærða í dagblaðsviðtalinu væru alhæfingar, sem ekki væru studdar neinum rökum, enda væru vandfundin rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar. Enda þótt ekki yrði fullýrt að orðið negri væri út af fyrir sig niðrandi í íslensku máli yrði, þegar dagblaðsviðtalið væri lesið í heild og ummælin virt í því samhengi, að telja að með þeim væri leitast við að upphéfa hvíta menn á kostnað manna af öðrum lítarhátti með háði, rögi og smánum og því félli háttsemin skýrlega að verknaðaryfningu 233. gr. a almennra hegningarlaga. Lagaákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir kynþáttamisétti og kynþáttahatur. Markmið þess væri lögmæt og þær skorður sem það setti tjáningarfrelsi nauðsynlegar og samrýmdust lýðræðishefðum.

Ekki var vísað þerum orðum til ákvæða SAK í dómi Hæstaréttar, en í rök- stuðningi fyrir niðurstöðu héraðsdóms, þar sem ákærði var einnig sakkfældur var vísað til uppruna 233. gr. a og lögskýringargagna með ákvæðinu, svo og að það hefði verið sett til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt SAK, en auk þess væru markmið þess áréttuð í 65. gr. stjórnarskrárinna.

Eftir að framangreindur dómur gekk er ekki að finna frekari merki í íslenskri dómfrankvæmd um tilvísun til ákvæða SAK, hvorki varðandi fyrrgreind refsíákvæði né aðra þætti samningsins. Þegar lítið er til áhrifa samningsins á lagasetningu síðustu ára, má finna eitt dæmi um beina tilvísun til ákvæða samningsins í undirbúningsgögnnum með lögum. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga um útlendinga sem varð að lögum nr. 96/2002 er, eins og áður hefur verið lýst, sérstakur kaflir helgaðir umfjöllun um alþjóðlega mannréttindasamninga sem hafa áhrif á réttarsöðu útlendinga með ýmsum hætti og haðir eru að leiðarljósi við setningu laganna Þar er talinn, ásamt öðrum helstu mannréttindasamningnum SP, samningurinn um afnám alls kyn- þáttamiséttis, án frekari tilgreiningar á einstaka ákvæðum hans.<sup>65</sup>

#### 8.4.5. Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum

##### 8.4.5.1. Ráðstafanir tengdar fullgildingu

Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum (Kvennasam- ingurinn) var fullgiltur af Íslands hálfu 24. júlí 1985.<sup>66</sup> Auk þess hefur Ísland fullgilt valfrjálsa bókun við samninginn sem veitir einstaklingum kæruleið til eftirlitsnefndarinnar sem starfar samkvæmt samningnum.<sup>67</sup>

Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til að fullgilda Kvennasamninginn með þingsályktun 13. júní 1985. Í athugasemdum með þingsályktunartillög-

65 Alþt. 2001–02, A-deild, þskj. 698, bls. 3153 og 3154.

66 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1985.

67 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/2001.

unni kom fram að með lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla væri þegar tryggð framkvæmd helstu meginreglna samningsins. Einnig var bent á þyrfti íslenskum lögum til þess að geta framfylgt ákvæðum 2. fólul. 9. gr. hafi síðan verið gert með lögum nr. 49/1982 sem breyttu lögum nr. 100/1952 frekari lagasetningar né annarra ráðstafana til þess að geta framfylgt samningnum.<sup>68</sup>

Þá virðist sem fullgilding á valfrjálsu bókuninni um kæruleið til Kvennasamningsnefndarinnar hafi farið fram án þess að heimildar Alþingis hafi verið leita samþykkis Alþingis til fullgildingar á mannréttindasamningi, jafnvel þótt bókunin hafi ekki kallað á sérstakar lagabreytingar. Í ljósti er að þótt kæruleið er þar um að ræða heimild sem alþjóðlegri nefnd er veitt til að rannsaka niðurstöður íslenskra dómstóla og leggja mat á hvort þær samrýmast alþjóðaskuldbindingum um mannréttindi. Hefði því verið eðlilegt að Alþingi fjallaði um samning af þessum toga áður en fallist var á kæruleiðina.

#### 8.4.5.2. Áhrif samningsins á íslenskan rétt

Frá því að Ísland varð aðili að Kvennasamningnum hefur talsverð þróun orðið í íslenskrum jafnréttislöggjöf, sem gengur að mörgu leyti lengra en ákvæði Kvennasamningsins í þá átt að afnema mismununum gagnvart konum. Er a.m.k. efritt að ráða að Kvennasamningurinn hafi verið sérstakur hvati að þeim breytingum, en á síðari árum hafa aðrar alþjóðlegar samþykktir, einkum Eyr-Ópusamvinna, haft meiri bein áhrif á löggjafarþróun.<sup>69</sup>

Um árabíl hefur gilt hér á landi sérstök löggjöf sem stefnir að því að jafna stöðu og rétt kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Gilda nú um það lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en þau leystu af höfni lög nr. 96/2000 um sama efni. Við skoðun á lögskýringargögnum sem tengst hafa setningu þessarar undirstöðulöggjafar um efnid, kemur í ljósi að ekki er þar sérstaklega vísað til Kvennasamningsins. Í ljósti er að þróun lög-

68 Alþt. 1984–85, A-deild, þskj. 563, bls. 2676.

69 Í grein sem Brynhildur Plóvenz og Elsa S. Þorkeisdóttir rituðu árið 1998 kemur fram að ekki hafi mikið reynt á Kvennasamninginn í íslenskum rétti og í dómarsálum sem falla um jafnrétti kynjanna verði ekki séð að samningurinn hafi verið til umfjöllunar, allsgerð í máli nr. 6/1996. Sjá nánar *Tímarit lögfæðinga*, 1. hefti 1998, bls. 21. Er verið vísað til Kvennasamningsins í dómum eða úrskurðum á síðasta áratugi.

gjafar um efnid á vettvangi Eyrþupréttar er mun mikilvægari áhrifavaldur þegar litið er til alþjóðlegrar samvinnu um jafnréttismál. Íslensk stjórnvöld hafa gengist undir ýmsar skyldur á þessu sviði á grundvelli Samningsins um Eyrþenska efnahagssvæðið, en ýmsar gerðir Eyrþusambandsins á því sviði hafa verið felldar undir EES-samninginn og innleiddar í íslenskan rétt, m.a. með lögum nr. 10/2008. Er vísað til þessara gerða í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu að lögum nr. 10/2008. Má þar helst nefna tilskipun nr. 75/117/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna sem varða beitingu meginreglnar um sömu laun karla og kvenna og tilskipun nr. 76/207/EBE um framkvæmd meginreglnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör, sbr. tilskipun 2002/73/EB um breytingu á þeirri tilskipun og loks tilskipun 97/80/EB um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis.<sup>70</sup>

Í lögum nr. 96/2008 er bæði lagt bann við mismunun og mælt fyrir um sérstakar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum. Mikilvægt er að skyldur samkvæmt lögnum hvíla ekki aðeins á stjórnvöldum og þeim sem fara með opinbert vald heldur einnig atvinnufyrirtækjum á almennum vinnumarkaði og öðrum aðilum á vettvangi einkaréttarins. Það hefur sérstaka þýðingu til að ná fram jafnrétti á almennum vinnumarkaði, þar sem reynslan sýnir að hættan er mest á mismunun. Eru ítarleg ákvæði um skyldur atvinnurekenda í III. kafla jafnréttislaganna. Auk almennra laga er sérstakt ákvæði að finna í 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinna um að tryggja beri jafnan rétt karla og kvenna í hvívetna. Ákvæðið bætist við 65. gr. við meðferð frumvarpsins um stjórnarskrárbreytingarnar. Af lögskýringargögnum má ráða að markmið ákvæðisins sé að áréttla mikilvægi jafnréttisreglunnar á þessu sviði í ljósi þess að þar sé helst misþrestur á því að fullt jafnrétti ríki.<sup>71</sup>

Þá hefur verið bent á að orðalag 2. mgr. 65. gr. leggi enn afdráttarlausari skyldur á ríkið til að grípa til sérstakra aðgerða á þessu sviði. Þær skyldur megi einnig leiða af alþjóðaskuldbindingum á borð við Samning Sameinuðu þjóðanna um atriðan allrar mismununar gagnvart konum frá 1979.<sup>72</sup>

70 Alþt. 2007–08, A-deild, þskj. 149, bls. 1004. Um nánari samamburð á tilskipunum Eyrþusambandsins og íslenskum lögum varðandi mismunun almennit og ýmsa ágala á innleiðingu þeirra reglna sjá nánar Oddný Mjöll Arnardóttir: „Vernd gegn mismunun í íslenskum rétti. Breytinga er þörf“ *Tímarit lögfæðinga*, 1. hefti 2009, bls. 52.

71 Alþt. 1994–95, B-deild, bls. 5298.

72 Þjórg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 581.

8.4.6. *Samningur gegn pyndingum og annari grimmlægri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu*

8.4.6.1. *Ráðstafanir tengdar fullgildingunni*

Samningur SP gegn pyndingum var sá síðasti í röð samninga SP sem Ísland fullgilti, en það var þann 23. október 1996, að undangenginni samþykkt Alþingis á þingsályktun nr. 10/120 frá 22. maí 1996. Í athugasendum með tillögnum er fjallað um þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hafði þegar gengist undir um þann við pyndingum, einkum 3. gr. MSE og 7. gr. SBSR en einnig Eyrópusamning um varnir gegn pyndingum frá 26. nóvember 1987 og lög nr. 15/1990 sem sett voru vegna aðildar að honum. Jafnframt kemur fram að lagabreytingar hafi þegar verið gerðar til að aðlaga íslensk lög ákvæðum samningsins, en með lögum nr. 142/1995 hafn 6. gr. alm. hgl. verið breytt til að víkka út refsilögsögu íslenska ríkisins svo hún tæki með vissu til brota og brotamanna sem samningurinn fjallar um.<sup>73</sup>

Með fyrrireindum lögum var bætt nýjum lið, 9. tölul., við 6. gr. laganna sem gerir kleift að höfða refsímál hér á landi fyrir háttsemi sem greinir í samningnum án tillits til ríkisfangs hans, búsetu eða brotastaðar. Með því er uppfyllt skylda aðildarríkis til að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fella brot samkvæmt 4. gr. samningsins undir refsilögsögu sína. Aldrei hefur reynt á að íslenska ríkið hafi beitt lögsögu sem fjallað er um í 9. tölul. 6. gr. alm. hgl.

Í athugasendum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 142/1995 kom jafnframt fram mat á því hvernig ákvæði landslaga uppfylltu að öðru leyti skyldur samningsins, m.a. að lýsa pyndingum sem refsiferðri háttsemi. Þar segir að liðið hafi verið svo á að ákvæði almennta hegningarlaga, nr. 19/1940, hafi veitt borgurinum nægilega refsivernd í þessu tilliti þótt þar sé ekki að finna sérstakt refsilögsögu sem beinist gegngert að banni gegn pyndingum. Sem mikilvægustu ákvæði almennu hegningarlaga sem koma þess í stað eru nefnd ýmis ákvæði XXIII. kaffa laganna um manndráp og líkamsmeyðingar, einkum 211. gr. um manndráp, 217. og 218. gr. um líkamssárásir, svo og þann við ólögmaetri nauðung í 225. gr. laganna, og loks ákvæði XIV. kaffa laganna um brot í opin-skyrlega gerð refsiferð háttsemi dómara eða annars opinbers starfsmanns sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins og beitr ólöglegri aðferð til þess að koma manni til jáhningar eða sagna og framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsun eða rannsókn. Eins sé lögð refsing við því ef slíkur opinber starfsmaður gætir ekki réttar aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsun eða framkvæmd refsingar. Loks er bent á sérstakt refsilögsögu um aðstöðu þar sem

STADA OG ÁHRIF MANNRETTINDASAMNINGA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA ...  
opinber starfsmaður misnotar stöðu sína til að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert.<sup>74</sup>

Í fyrrireindri þingsályktun sem veitti ríkisstjórninni heimild til að fullgilda Samninginn gegn pyndingum var jafnframt veitt heimild til að gefa yfirfyringu samkvæmt 21. og 22. gr. samningsins varðandi kerurét ríkja og einstaklinga til nefndarinnar gegn pyndingum vegna meintra brota á ákvæðum samningsins.

8.4.6.2. *Áhrif samningsins á íslenskan rétt*

Við stjórnarskrárbreytingarnar 1995 var Samningurinn gegn pyndingum meðal þeirra alþjóðaskuldbindinga um mannréttindi sem hafnar voru til hlíf-sjónar við endurskoðun mannréttindadækkvæða. Þá var bætt nýju ákvæði í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinna sem mælir fyrir um að engan megi beita pyndingum né annari ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í skýringum við ákvæðið er lýst heilstu ákvæðum mannréttindasamninga sem Ísland er aðili þar sem sambærilegt þann sé að finna, einkum 3. gr. MSE og 7. gr. SBSR, en einnig er vísað til samnings SP gegn pyndingum.

Í nokkrum dómsmálum hafa skyldur íslenska ríkisins til þess að virða þann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð komið til umfjöllunar, en niðurstaða hefur þó ekki verið studd með beinni tilvísun til Samningsins gegn pyndingum.

Í H 1997:2828 kom til álita hvort fransal féli í sér brot á 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinna. Deilt var um skilyrði fyrir framsali bandarískra hjóna til Bandaríkjanna, þar sem því var m.a. borið við að þau myndu seta ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð, bæði við flutninginn þangað og við vistun í fangelsi, sem væri andstæð 2. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinna, auk þess sem þau myndu ekki njóta réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinna við meðferð refsímálsins. Í héraðsdómi var vísað til 68. gr. stjórnarskrárinna og 3. gr. MSE og talið að ekki væru lagaskilyrði til að framselja þau, þar sem fram væru komin gögn í málinu sem ekki hefðu verið hrakin af ákærvaldinni, að þeirra myndi bjóða ómannúðleg meðferð við vistun í fangelsi Maricopa-sýslu í Arizona uns mál þeirra yrði tekið fyrir af dómstólum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms, en með öðrum forsendum.<sup>75</sup>

Hvað varðar áhrif á lagasetningu almennt hefur í nokkru tilvikum verið vísað til þess í athugasendum við lagafrumvörp að hlífðsjón hafi verið höfð af ákvæðum Samningsins gegn pyndingum. Í athugasendum sem fylgdu frum-

74 Alþt. 1995-96, A-deild, þskj. 74, bls. 694 og 695.

75 Nokkur dæmi eru um að vísað hafi verið til Samnings gegn pyndingum í málathlúbun- aði aðila þegar fjallað hefur verið um brottvísun hælsleitenda, sjá t.d. *dóm Hæstaréttar frá 12. mars 2009 í máli nr. 353/2008* án þess að tekin hafi verið afstöða til þess í dómnum.

varpi til laga um útlendinga nr. 96/2002 er þannig vísað til samningsins ásamt öðrum samningum SP. Jafnframt er tekið fram að lítið sé til ákvæða. Samnings SP gegn Þyndingum og annarri grimmlægri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem víkja að réttindum útlendinga. Er þar bent á 3. gr. samningsins sem mæli fyrir um að ekkert aðildarríki skuli vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að eðla að hann eigi þar á hættu að sæta Þyndingum. Þegar ákvæðið er hvort slíkar aðstæður séu fyrir hendi skuli þar til bær yfirvöld hafa hlöðsöfn af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist gróf, augljós eða stórfelld mannréttindabrot. Þá er áreitt að tilvísun til 3. gr. Samningsins gegn Þyndingum í skýringum við 45. gr. laganna.<sup>76</sup> Samkvæmt því ákvæði má ekki samkvæmt lögnum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur svipaðra aðstæða og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

#### 8.4.7. Samningur um réttindi barnsins

8.4.7.1. *Ráðstafanir tengdar fullgildingunni*  
Samningurinn um réttindi barnsins (Barnasamningurinn) var fullgiltur af hálfu Íslands 28. október 1992, að undangenginni þingsályktun nr. 1/115 frá 13. maí 1992 þar sem Alþingi samþykkti heimild til ríkissjórnarinnar um fullgildingunni samningsins. Í athugasemdum með þingsályktunartillögumni kom fram að sjórnvöld teldu framkvæmd þeirra mála sem samningurinn fjallar um í fullu samræmi við ákvæði hans og því ekki talið nauðsynlegt að gera fyrirvara við einstök ákvæði við fullgildingunni samningsins. Þó var talið rétt að leggja fram sérstaka yfirlýsingu vegna ákvæðis 9. gr. samningsins um endurnat dómstóla á ákvörðunum sjórnvalda um forsjá barna og vegna 37. gr. um aðskilnað ungra fanga frá eldri.<sup>77</sup> Í athugasendunum sem fylgdu þingsályktunartillögumni er að öðru leyti fjallað frárllega um ákvæði samningsins með tilliti til íslenskrar löggjafar um efnioð.

Valfjálslu bókanirnar tvær frá 25. maí 2000 sem gerðar hafa verið við

76 Alþt. 2001-02, A-deild, þskj. 698, bls. 694 og 695.  
77 Sjá Alþt. 1991-92, A-deild, þskj. 828, bls. 5405. Þyrrí yfirlýsingin á ekki lengur við þar sem fallið hefur verið frá eldri skipan um að sjórnvöld etlu fullnaðarútskráðarvald dómstóla, sbr. ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 og barnalaga nr. 76/2003. Það efní þó ekki sett þeim grundvallarþreytingum að yfirlýsingin eigi ekki lengur við. Ekki er í gildi fortraktslaus regla um það efní samkvæmt íslenskum lögum, en lítið er til þess sem barni er fyrir bestu í hverju tilvikí miðað við aðstæður.

Samninginn um réttindi barnsins hafa báðar verið fullgiltar af Íslandi, en þó ekki á sama tíma. Bókunin um sölu á börnun, barnavændi og barnaklám var fullgilt 9. júlí 2001.<sup>78</sup> Var bókunin um þáttöku barna í vopnuðum átökum fullgilt 1. október 2001.<sup>79</sup>

Utanríkisráðherra sóti ekki sérstaka heimild til Alþingis til fullgildingar á bókunnum tveimur og var þar aftur brugðið úr af mótaðri venju, sbr. einnig það sem sagt var að framan um fullgildingunni bókunar við Kvennasamninginn.

#### 8.4.7.2. Áhrif samningsins á íslenskan rétt

Mikilvæg ráðstöfun til þess að laga ákvæði íslenskrar löggjafar að ákvæðum Barnasamningsins fólst í breytingum á mannréttindaákvæðum sjórnarskrárlinnar með stjksl. 97/1995, bæði á 2. mgr. 76. gr. varðandi rétt til almenntar mentunar, en einkum 3. mgr. 76. gr. sem er sérregla um réttindi barna. Samkvæmt 3. mgr. skal börnun tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í skýringunni við þetta ákvæði í greinargerð sjórnarskrárlinnar kemur fram að það saki fyrirmynd til 3. gr. Barnasamningsins og að nokkru einnig til 24. gr. SBSR. Bent er á að það feli í sér vissa stefnuyfirlýsingu, en leggi jafnframt skyldu á löggjafann til að setja lög til að veita börnun fyrimefnda tryggingu.<sup>80</sup> Eins er vísað til 27. gr. Barnasamningsins varðandi rétt til mentunar samhliða 13. gr. SEFMR í skýringunni við 2. mgr. 76. gr. sjórnarskrárlinnar sem fjallar um rétt til almenntar mentunar.<sup>81</sup>

Hafa þessi tengsl Barnasamningsins við 2. mgr. 76. gr. haft áhrif á skýringunni sjórnarskrárlinnar, sbr. *álit UA frá 3. apríl 2007, nr. 4650/2006 og 4729/2006* þar sem reyndi m.a. á skýringu á mentunarbogtakinu í 2. mgr. 76. gr. sjórnarskrárlinnar.

Í fyrrgreindu álití umboðsmanns var fjallað um þá aðstöðu að kostnaður, sem nemendur í tónlist á listnámsbrautum framhaldsskóla ríkisins þurftu að greiða árlega í forni hlutdeilar í kennslu- og sjórnunarkostnaði viðkomandi tónlistarskóla auk skólagjalda, gæti numið verulegum fjárhæðum. Í sumum tilvikum slyppu nemendur við að greiða þennan kostnað í heild eða að hluta vegna ákvörðunar sveitarfélags um að taka þátt í honum. Hin fjárhagslega aðstæða nemenda í tónlist á listnámsbrautum framhaldsskóla ríkisins kynnir því að vera mismunandi að þessu leyti. Í álitinu var bent á að í löggjörngærgögnum að baki 2. mgr. 76. gr. sjórnarskrárlinnar væri m.a.

78 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/2001 og 12/2002.

79 Sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 35/2001.

80 Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2110.

81 Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2110. Augljóslega er hér átt við tilvísun til 28. gr. Barnasamningsins sem fjallar um rétt barna til mentunar, 27. gr. fjallar um lífsálfkornu barna.

vísað til 28. gr. Barnasamningsins um skyldu aðildarríkja til að viðtökenna rétt barns til menntunar og var hugtakið „menntun“ í stjórnarskrárákvæðinu m.a. skýrt í ljósi menntunarygtraks 1. mgr. 28. gr. Barnasamningsins. Það væri þannig þrískipt, í liðun a-c, 1. mgr. Í fyrsta lagi væri þar rætt *menntun*, en undir hana falla m.a. *almenn menntun* og *starfsmenntun* og skulu aðildarríki gera ráðstafanir til að veita slíka menntun ókeypis og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með. Í þriðja lagi væri mælt fyrir um skyldu aðildarríkja til að veita öllum kost á æðri menntun með hverjum þeim ráðum sem við eiga, án áskilnaðar um að slík menntun sé þó ókeypis. Umboðsmáður bent á að af 65. gr. stjkskr. og 11. gr. stjórn-sýslulaga leiddi að áskilja yrði skýra og ótvíræða lagahermlid, sem reist væri á málfralegum forsendum, ef víkja ætti frá því almenna viðmiði við framkvæmd þágitlandi framhaldsskólalaga nr. 80/1996 að nemandur, sem stundaðu nám á skilgreindum námsbrautum hinna opinberu skóla, þyrftu ekki að hluta eða öllu leyti að standa undir kosnaði við nám sitt. Með vísan til reglna, sem leiddar yrðu af 2. mgr. 76. gr. og 65. gr. stjkskr. og alþjóðasáttmálum um réttinn til menntunar og jafnræðis, væri ekki að finna í ákvæðum þágitlandi laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, eða laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, fullnægjandi lagahermlid fyrir ríkið til að skipuleggja starf framhaldsskóla með þeim hætti að gera nemandunn að greiða fyrir tónlistarnám, sem þeir seektu til sérstakra tónlistarskóla, þegar það myndaði samkvæmt lögum og aðalhámskrá skyldubundinn hluta af því námi, sem þeir hefðu valið sér að stunda við viðkomandi framhaldsskóla.

Minnna hefur reynt á skýringu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárrinnar sem er helguð málefnum barna. Ákvæðið er nær samhljóða grunnreglu 2. mgr. 3. gr. Barnafara með málefni barna. Vegna hins almenna umfangs 3. mgr. 76. gr. má þó einni sér, t.d. að dómsáðal slái föstu broti á ákvæðinu í ákvæðnu tilvikki, með því að löggjafinn hafi ekki sett lög um tileknaðar verndaraðgerðir. Hún getur þó vafalaust haft áhrif sem skýringarregla ef til þess kemur að lögum sem hafa áhrif á réttindi barna verður breytt, t.d. stórléga skert réttindi sem börn njóta þegar samkvæmt lögum. Einnig má ætla að stórfelld vanræksla stjórnvalda á staðana gagnavart börnum, gæti vakið upp spurningar um brot á 3. mgr. 76. gr. Engin fordæmi liggja fyrir enn sem komið er úr dómframkvæmdinni um beitingu 3. mgr. 76. gr. að þessu leyti eða tengsl stjórnarskrárákvæðisins við Barnasamninginn.

Hins vegar er ljóst að Barnasamningurinn hefur haft margþætt áhrif á löggjöf um málefni barna og endurspeglast það skýrt í helstu lagabálkum á þessu sviði. Fyrst má nefna að við meðferð frumvarps til lögreglislaga nr. 71/1997 höfðu ákvæði Barnasamningsins ótvíræð áhrif á að frumvarpinu var breytt við meðferð þess á Alþingi þannig að sjálfreðisaldur var miðaður við 18 ára aldur en ekki 16 ár eins og áður hafði tókast.<sup>82</sup>

Í athugasendum með frumvarpi til barnalaga nr. 76/2003 er víða vísað til Barnasamningsins og kemur jafnframt fram að sum nýmæli frumvarpsins megi einkum rekja til ákvæða samningsins. Þannig segir t.d. um ákvæði, sem var fyrst lögfest með núgildandi barnalögum, um að móður sé skylt að feðra barn sit, að í gildandi barnalögum sé ekki að finna slíka afdráttarlusa skyldu. Þrátt fyrir augljósa hagsmuni barns af því að vera feðrad háfr fram til þessa ekki þótt rétt að skylda móður til þess með þeim lagafyrirmælum að feðra barn sit en tímabært sé að stíga það mikilvæga skref nú. Með þessu sé stefnt að því að réttur barns til að þekkja báða foreldra sína, sem mælt er fyrir um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, verði virtur. Þá eru nýjar reglur laganna um skráningu barns í þjóðskrá skýrðar með tilvísun til 7. gr. Barnasamningsins.<sup>83</sup> Í skýringum með nokkrum greinum barnalagafrumvarpsins er síðan fjallað um hvernig tekið er mið af samvarandi reglum og markmiðum Barnasamningsins, t.d. 12. gr. samningsins um að hafa samráð við barn áður en málefnum þess er ráðið til lykta og um rétt barns til að tjá sig um mál.<sup>84</sup>

Annar mikilvægur lagabálkur um réttindi barna eru barnaverndarlög nr. 80/2002. Af undirbúningssögnum með þeim sést að áhrif Barnasamningsins eru þar talverð og er víða vísað til ákvæða hans. Mikilvæg breyting sem gerð var með núgildandi barnaverndarlögum frá fyrri lögum var að mæla fyrir um atbeina dómsáðala að mikilvægum og íþyngjandi ráðstöfunum barnaverndaryfirvalda, svo sem um forsjárvirðingu barna og aðrar ákvarðanir um aðskilnað frá foreldrum. Er um þetta vísað til 9. gr. Barnasamningsins í frumvarpinu.<sup>85</sup> Í skýringum með einstaka ákvæðum í frumvarpinu er oft vísað til samvarandi ákvæða Barnasamningsins eða markmiða hans. Sem dæmi má nefna að við skilgreiningu hugtakans barn samkvæmt 3. gr. laganna er stuðst við skilgreiningu 1. gr. Barnasamningsins. Þá er í skýringum við 4. gr. laganna, sem fjallar um meginreglur alls barnverndarstarfs, vísað til meginreglna 2. – 5. gr. Barnasamningsins.<sup>86</sup>

Í grunnskólalögum nr. 91/2008 má einnig merkja áhrif Barnasamningsins í

82 Alpt. 1996–97, A-deild, þskj. 1171, bls. 5358.

83 Alpt. 2002–03, A-deild, þskj. 181, bls. 903.

84 Alpt. 2002–03, A-deild, þskj. 181, bls. 929.

85 Alpt. 2001–02, A-deild, þskj. 403, bls. 1808.

86 Alpt. 2001–02, A-deild, þskj. 403, bls. 1811.

undirbúningsgögnnum vegna almennra tilvísana til hans. Þannig er í skýringunum við 13. gr. laganna, sem fjallar um rétt grunnskólanemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, vísað til þess að sú regla sé í samræmi við ákvæði í Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Eins er í skýringunum við 16. gr. laganna fjallað um að veita skuli nemendum tækifæri til að viðhalda móðurnáli sínu, í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.<sup>87</sup>

Þegar könnuð er dómatrannkvæmd undanfariðs áratugar kemur í ljós að Barnasamningurinn er vafalaust sá mannréttindasamningur SP sem heilst hefur verið vísað til við skýringu íslenskra laga um málafni barna og þá í nokkuð margvíslegu samhengi, en iðulega er þar einnig vísað til 8. gr. MSE um friðhelgi heimilis og fjölskyldu. Hins vegar hefur sértregla stjórnarskrármálar 13. mgr. 76. gr. haft minni þýðingu í því sambandi eins og áður var nefnt. Aðla má efni barna er skýr tenging við ákvæði Barnasamningsins sé ekki talin þörf á að bæta stjórnarskrárákvæðinu. Frá árinu 2000 má þannig benda á hátt á annan tug dóma í dómasetfni Hæstaréttar þar sem vísað er til ákvæða sáttmálans, oft en einnig í nokkrum tilvikum í forsendum í dómi Hæstaréttar.<sup>88</sup>

Álgengast er að vísað hafi verið til ákvæða Barnasamningsins í málum sem varða aðfarargerð í tengslum við forsjárdeilur foreldra þar sem krafi er að hendingar barns og reynir þá einkum á 9. gr. samningsins um rétt barns til byggt á ákvæðum Haagssamningsins um brottán barna, sbr. lög nr. 160/1995. Í einum fyrsta dómnum af þessum toga, *H 2000:2352*, nr. 181/2000 vísaði gerðarbeiðandi til 3., 8., 9. og 11. gr. Barnasamningsins til stuðnings kröfum sínum, án þess að tekin væri afstaða til þessara samningsákvæða í dómnsniðurskiðum. Þar kemur þó fram sá misskilningur, sem oft hefur birst síðan í héraðsdómnum að ranglega er vísað til laga nr. 18/1992, í stað þess að vísa til þessa númers á auglýsingu sem birtist í C-deild Stjórnartíðinda um fullgildingu samningsins. Í dómi frá sama ári í *H 2000:4050*, nr. 399/2000 var einnig gerðarbeiðandi vísaði til 9. gr. Barnasamningsins varðandi skyldu aðildarríkja til að tryggja að barn verði ekki skilið frá foreldrum sínum, en dómstólar tóku

87 Alþr. 2007-08, A-deild, þskj. 319, bls. 1811 og 1813. Fleiri lög má nefna þar sem tilvísanir til Barnasamningsins koma fram í skýringunum við einstaka ákvæði, t.d. 9. gr. atleiðingar nr. 88/2008 um skýrslutöku af barni fyrir dómi og lög um Barnasamningsins, 130/1999, einkum varðandi meginreglur þar sem koma fram í 2.-5. gr.

88 Sjá nánar umfjöllun um áhrif Barnasamningsins og beitingu hans í íslenskum rétti grein Hrefnu Friðriksdóttur: „Að nota samning SP um réttindi barnsins með hendi og vendi að hingað til brúkanlegum síðvana.“ *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Lagadeild 2009, bls. 155.

ekki afstöðu sérstaklega til þess. Þá gengu einnig árið 2000 tveir dómur, *H 2000:4191 og 4205*, nr. 208 og 209/2000 í samkynja málum þar sem fjallað var um kröfu kynforeldra um umgengni við barn þeirra sem barnaverndaryfirvöld höfðu komið í föstur. Í kröfu stefnenda var bent á að úrskurður Barnaverndarráðs uppfyllti ekki skilyrði 7. og 9. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna um rétt barns til að þekja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra eftir því sem unnt er. Þá legðu þessi ákvæði skyldu á aðildarríki til að virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldri eða foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Í dómnum Hæstaréttar var tekin afstaða til þessara röksemda með almennum hætti þannig að úrskurðurinn var „ekki talinn þjótfa í bága við lög eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.“ Í *H 2001:2245*, nr. 67/2001 voru ákvæði atleiðingarlagar og barnaverndarlaga einnig skýrð í ljósi 7. og 9. gr. Barnasamningsins og lagt mat á það í niðurstöðu héraðsdóms hvort viljaafstöðu barns í tengslum við atleiðingu hafi verið nægilega leitað í samræmi við 12. gr. Barnasamningsins. Eins má nefna *H 2004:2268*, nr. 159/2004 þar sem vísað var til samningsins í dómi Hæstaréttar, en þar var um fæðernismál að ræða þar sem sóknaraðili taldi að hún hefði lögvarða hagsmuni af því að víta sannleikann um fæðerni sitt, sbr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 7. gr. Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992. Ekki var þó tekin afstaða til ákvæða Barnasamningsins þar sem málinu var vísað frá.

Í *H 2005:3380*, nr. 159/2004 má sjá nokkuð víðtæka tilvísun til ákvæða Barnasamningsins í dómi Hæstaréttar og rökstuðningi málsaðila um skýringu þeirra.

Í málinu var fjallað um kröfu móður heyrnarskertrar stúlku, búsetrar á Norðurlandi, á hendur sveitarfélaginu A og byggðasamlaginu B um greiðslu ýmiss konar kostnaðar, sem hlaut af því að hún þurfti að halda annað heimili vegna skólagöngu dóttur sinnar í sérskóla í Reykjavík. Í dómi Hæstaréttar eru reifuð sjónarmið stefnanda um áhrif Barnasamningsins við skýringu laga. Er þar vísað til ákvæða grunnskólalaga um að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir öll börn og unginga á aldrinum 6 til 16 ára, jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrármálar og 14. gr. MSE. Loks er vísað til a-liðar 1. mgr. 28. gr. Barnasamningsins SP um skyldu aðildarríkja til að koma á grunnmenntun, sem allir geti notið ókeypis, sbr. og einnig 3. mgr. 23. gr. sáttmálans, sem kveður á um að tryggja skuli að fadlað barn hafi raunverulegan aðgang að menntun. Þá vísaði hún til 1. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fátalðra, þar sem fram komi að markmið laganna sé að fátalduðum sé tryggt jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna. Í dómnum var ekki fallist á að lög og reglur um grunnskóla eða önnur

ákvæði leiddu til skylda Á eða B til að greiða umræddan kostnað, þar sem hann taldist vera framferðslukostnaður en ekki kostnaður af skólagöngu. Niðurstaðan í dómi Hæstaréttar varð að enda þótt fallist væri á með áfrýjanda að með framangreindum ákvæðum væru sett þau markmið sem hún héldi fram væri ljóst að hvorki af orðum l. gr. og 37. gr. laga um grunnskóla né reglugerðar nr. 389/1996, yrði leidd skylda stefndu til að greiða kostnað þann sem áfrýjandi krefst, þar sem hann teldist framferðslukostnaður en ekki kostnaður af skólagöngu.

Af nýrri dómum þar sem ákvæði Barnasamningsins hafa komið til umfjöllunar má benda á dóm *Hæstaréttar frá 24. janúar 2008, nr. 250/2007 (forsjársvipting)*, dóm frá 4. júní 2007, nr. 279/2007 (*umgengisréttur*) og dóm frá 26. apríl 2007, nr. 519/2006 (*umgengisréttur*). Hér verður þó ekki ráðrúm til að rekja þá dóma frekar.<sup>89</sup> Könnun á þessari framkvæmd leiðir hins vegar í ljós að Barnasamningurinn hefur öðlast nokkuð ákvæðinn sess við skýringu íslenskra laga um málafni barna, og sem áður segir er reyndar sérstætt að algengt er að ranglega sé vísað til ákvæða samningsins sem settra laga nr. 18/1992 (sjá t.d. um það hér að dómna í tveimur síðastgreindu málunum hér að framan).

Segja má að það sé rökrett framhald á þessari þróun að 16. mars 2009 samþykkti Alþingi þingsályktun um að fela ríkissjórninni að undirbúa lögfestingu Barnasamningsins. Jafnframt er tekið fram að frumvarp sem feli í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum skuli liggja fyrir 20. nóvember 2009, og stendur sá undirbúningur yfir þegar þetta er ritað. Í athugasemdum sem fylgdu tillögunni til þingsályktunar kemur m.a. fram að skoða þurfi hvort og þá hverju beri að breyta í gildandi löggjöf við lögfestingu sáttmálans. Þar geti margir lagabálkar komið við sögu, svo sem barnalög, barnaverndarlög, almenn begingarlög, lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla, almennatryggingalög, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um málafni fátalðra, ættleiðingarlög, lög um umboðsmann barna o.s.frv. Þá kemur fram í athugasemdunum sú skoðun flutningsmanna að við lögfestingu Barnasáttmálans sé nauðsynlegt að „laga texta barnasáttmálans að hefðbundnu lagaformi“, ásamt eftirfarandi útlístin á því.<sup>90</sup>

Af þessu verður ráðið að Samningur um réttindi barnsins verði annar í röð alþjóðlegra mannréttindasamninga sem verður lögfestur hér á landi á eftir Mannréttindasáttmála Evrópu. Af framangreindum orðum virðist þó sem stefnt sé að annarri aðferð við lögfestinguna, þ.e. aðlögun texta sáttmálans að

89 Sjá nánar reifun flestra íslenskra dóma, þar sem vísað er til Barnasamningsins, Þór- hildur Línadal: *Skýrsla um dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem vísað er til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* (2007), bls. 64 o.áfr. Alþ. 2008-08, A-delið, þskj. 13.

STAÐA OG ÁHRIF MANNRÉTTINDASAMNINGNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA ...

hefðbundnu lagaformi. Er það sérstæð aðferð við „lögfestingu“ samningsins, og álitamálið hvort ekki er þannig í raun verið að *aðlaga* íslensk lög að alþjóða- samningi, með nokkuð meira afgerandi hætti en áður hefur fíðkast.

### 8.5. Helstu niðurstöður

Í þessum kafla hefur verið reynt að greina hvernig mannréttindasamningar SP hafa haft áhrif á íslenskt lagaumhverfi og dómaframkvæmd. Hafa verður í huga að samantekt þessari var ekki ætlað að vera tæmandi úttekt á öllum tilvikum þar sem samningarnir hafa komið til álita við lagasetningu eða meðferð dómsmála. Ekki hefur heldur verið færi á að reifa að samningarnir koma oft og tíðum til umfjöllunar í stórfum Alþingis, öðrum en við lagasetningu, svo sem í umræðum og fyrirspurnum eða skýrslum sem lagðar eru fram þar.

Af því sem hér hefur verið lýst verður dregin sú ályktun að áhrif samninganna á lagasetningu hafi verið talsverð, og alger umbreyting hafi orðið í þeim efnum eftir 1995. Þessi áhrif eru þó misjafnlega mikil eftir því hvaða samningur á í hlut. Þeir samningar sem skera sig úr eru tvímálaust Barnasamningurinn og Samningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Þegar litð er til dómaframkvæmdar verður einnig að draga þá ályktun að íslenskir dómstólar séu tilbúnir að teygja sig nokkuð langt í skýringu landsréttar til samræmis við alþjóðaskuldbindingar um mannréttindi.<sup>91</sup>

Þótt aðeins Mannréttindasáttmáli Evrópu hafi verið lögfestur hér á landi enn sem komið er, sbr. lög 62/1994, hafa áhrif mannréttindasamninga SP einnig vaxið verulega og á það einkum við samningana tvo frá 1966, SBSR og SEFMR, í stefnumarkandi dómum um túlkun stjórnarskrárinna. Ljóst er að stjórnarskrárbreytingarnar 1995 og markmið að baki þeim voru stærsti áhrifa- valdurinn í þeirri þróun. Af rökstuðningi í dómum þar sem vísað hefur verið til þessara samninga við skýringu stjórnarskrárákvæða er reyndar stundum vandséð, hvort það hefði breytt neinu um áhrif þeirra að þeir væru lögfestir þannig að hægt hefði verið að bygja á ákvæðum þeirra sem beinum réttarreglum. Hér má nefna *H 2000-4480 (ðrygkjandi I)* og *H 2002:3686 (sjómanna verkfall)* sem lýst var að framan. Í báðum þessum dómum er vísað til ýmissa alþjóða- samninga, SBSR, SEFMR, samþykta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar svo og Félagsmálasáttmála Evrópu, samhliða ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Þó er ekki hægt að merkja að fyrrnefndu samningarnir hafi minna gildi eða takmarkaðri áhrif á skýringu þeirra stjórnarskrárákvæða sem voru til skoðunar en sáttmálinn. Á hinn bóginn er sýnt að tilvísanir til ákvæða SBSR í dómaframkvæmd eru enn sem komið er fremur tilviljunarkenndar og ekki hægt að draga skýrar ályktanir, hvener honum er beitt samhliða sambærilegum

91 Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: *EES-réttur og landsréttur*, bls. 175.

ákvæðum MSE og hvenær ekki. Vissulega skýrist það að hluta til af málatilbúnaði aðila í dómsmálum enda mjög misjafnt hvort þeir kjósa að vísa bæði til ákvæða MSE og SBSR. Þannig er víst að sjaldnar er vísað til ákvæða SBSR en ákvæða MSE í röksemdum málsaðila, líklega vegna þess að nær samhljóða ákvæði SBSR eru þá ekki talin bæta neinu við þá vemd sem MSE veitir. Undir gr. MSE hefur verið beitt við skýringu á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskránnar í dómum.

Barnasamningurinn hefur þá sérstöðu í samanburði við aðra mannréttindasamninga Sp að ákvæðum hans hefur almennt ekki verið beitt til fyllingar öðrum stjórnarskrárum um réttindi barna í 2. og 3. gr. 76. gr. eða með ljósi meginreglna Barnasamningsins og sérstakra efnisreglna hans. Sú þróun hefur vafalaust orðið til að auka réttindavernd barna og tryggir í raun hámarksvirkni samningsins miðað við aðra mannréttindasamninga.

Að lokum er vert að árefta að þótt þeir alþjóðlegu mannréttindasamningar sem hér hefur verið fjallað um hafi almennt ekki kallað á sérstakar lagabreytingar þegar Ísland gerðist aðili að þeim hefur virkni þeirra aukist og áhrif þeirra birtast á síðari árum þannig að löggjafinn tekur tillit til þessara skuldbindinga í lagasetningu. Á þetta bæði við í löggjöf um sérstakar aðgerðir til setja réttindum takmarkanir. Hér að framan hafa verið nefnd fjöldamörg dæmi um löggjöf þar sem þessu markmiði er sérstaklega lýst í lögskýringargögnum með frumvarpi og taldri upp alþjóðasamningar eða tilgreind ákvæði þeirra sem leitast er við að tryggja.

Árangur og áhrif alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga í íslenskum rétti verða vitaskuld ekki aðeins mæld í fjölda dómsmála eða ágreiningsmála fyrir innlendnum eða alþjóðlegum dómstólum og eftirlitsnefndum um það hvort ríkið hefur brotið gegn skuldbindingunum sínum. Mestu skiptir að tekið sé tillit til þessara reglna þegar við setningu laga og fyrirmæla sem byggjast á þeim og strax á því stigi sé tekin afstaða til ýmissa álitæfna um samræmi við ákvæði mannréttindasamninga, þannig að ekki komi síðar í ljós að lög kunni að fara eftirliti í undirbúningi lagafrumvarpa, annaðhvort á sérstöku kerfisbundnu þjóðþinga, með því hvort löggjöf samrýmist alþjóðaskuldbindingum um mannréttindi til þess að hindra að áreksstrar verði þar á milli.<sup>92</sup> Vert er að huga

92 Sjá t.d. um fyrirkomulag í Danmörku í þessum efnun grein Ninu Holst Christensen: „Screening af danske regeringslovsforslags overensstemmelse med den Europæiske menneskerettighedskonvention og andre internationale konventioner om menneskerettigheder.“ *Týmarit löggjafarþingna*, 4. hefti 2003, bls. 421. Þann 12. maí 2004 samþykkti ráðherranefnd Eyrjúpúrðsins sérstök tilmæli til aðildarríkja MSE um að koma

ad því hér á landi að koma á sílku kerfisbundnu eftirliti til að hindra að síðar komi í ljós löggjöf sem er andstæð ákvæðum mannréttindasamninga og að réttindi hafi verið brotin.

En það er sama hversu vel er vandað til verks við undirbúning lagasetningar, aldrei verður hægt að sjá fyrir allar þær margþreytilegu aðstæður sem geta skapast við framkvæmd laga og vakið deilur um hvort gengið sé of nærri mannréttindum sem njóta verndar stjórnarskrár og alþjóðasamninga. Það er þó vissulega ákvæðinn mælikvarði á gott mannréttindaástand í ríki ef almenn víneskja er í samfélaginu um tilvist slíkra samninga og réttindi sem þeir vernda. Sama gildir ef það reynist raunhæft úrræði að leita leiðréttingar fyrir dómstólum telji menn á sér brotið með lagasetningu eða í lagaframkvæmd, til að krylja á um að skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi séu virtar.

á kerfisbundinni skoðun á því að tekið sé tillit til skuldbindinga samkvæmt sáttmálunum m.a. við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvísulfrimæla (Recommendation Rec (2004) 5 of the Committee of Ministers to member States on the verification of the compatibility of draft laws, existing laws and administrative practice with the standards laid down in the European Convention on Human Rights).



## HEIMILDASKRÁ

- Aído, Agnes Akosua: „Child Rights and the Challenge of Education.“ *18 Candles: The Convention on the Rights of the Child Reaches Majority*. Institut International des droits de l'enfant (IDEF). Sion 2007, bls. 87-94.
- Alderson, Priscilla: „Young children's health care rights and consent.“ *The New Handbook of Children's rights*. Bob Franklin ritstj. Routledge, London og New York 2002, bls. 155-167. Alþingistjóndi.
- Ando, Nisuke: „The evolution and problems of the jurisprudence of the Human Rights Committee's views concerning Article 26.“ *Towards Implementing Universal Human Rights. Festschrift for the Twenty-Fifth Anniversary of the Human Rights Committee*, bls. 205-243. Nisuke Ando ritstj. Martinus Nijhoff Publishers, Leiden/Boston 2004.
- Andreassen, Tore: *Behandling av ungdom i institusjoner: Hva sier forskningen?* Kommuneforlaget, Oslo 2003.
- Anna Guðrún Björnsdóttir og Guðmundur Eiríkisson: „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.“ *Ulfjóður* 2. töl. 1993.
- Arnjóður Ástvaldsson: *Jafnræðisregla 26. gr. Alþjóðasamningsins Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmáaleg réttindi – Gildissvið, inntak og beiting*. Meistararitgerð til Mag. jur. prófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, maí 2009.
- Barendt, Eric: *Freedom of Speech*. Oxford University Press, Oxford 2006.
- Berliner, Lucy og Elliott, Diana M.: „Sexual Abuse of Children.“ *The APSAC Handbook on Child Maltreatment*. John E.B. Myers, Lucy Berliner, John Briere, C.Terry Hendrix, Carole Jenny og Theresa A. Reid ritstj. APSAC American Professional Society on the Abuse of Children, Sage Publications, Thousand Oaks 2002, bls. 55-78.
- Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarrettur. Mannréttindi*. Bókautgáfan Codex, Reykjavík 2008.
- Björg Thorarensen: „Frankvæmd Íslands á Mannréttindaskuldbindingum Sameinuðu Þjóðanna.“ *Uppbrot hugmyndakerfis. Endurnóúan íslenskrar uttanríkisstefnu 1991–2007*. Valur Ingimundarson ritstj. Háskólaútgáfan, 2008, bls. 279-310.

- Björg Thorarensen: „Stjórnarskráin og meðferð utanríksmála.“ *Útlyfjótur* 3, tbl. 2007, bls. 399-461.
